



Alþingi
Erindi nr. Þ 135/2872
komudagur 20.5.2008

Alþingi
Nefndarsvið
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. maí 2008
Tilvísun: 200804-0050


Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna flutnings stjórnýslu- og eftirlitsverkefna á sviði lax- og silungsveiði, fiskræktar o.fl. til fiskistofu, 531. mál.

Alpýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna flutnings stjórnýslu- og eftirlitsverkefna á sviði lax- og silungsveiði, fiskræktar o.fl. til fiskistofu, 531. mál.

Frumvarpið er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um fiskeldi, 530. mál. Með þessum tveimur frumvörpum er reynt að samræma eins og kostur er löggjöf og stjórnýslu fiskeldis, hvort sem um er að ræða eldi vatnafiska eða nytjastofna sjávar.

Alpýðusambandið hefur trú á að sú einföldun á regluverki sem að er stefnt með frumvörpunum geti skapað hagstæð skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og eftl atvinnulíf og byggð í landinu. Um leið er rétt að ítreka mikilvægi þess að stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna.

Alpýðusamband Íslands mælir með því að frumvarpið sem hér er til umsagnar verði samþykkt.

Virðingarfyllst,

Stefán Úlfarsson
Hagdeild ASÍ



Alþingi
Erindi nr. P 135/2758
komudagur 15.5.2008

Nefndarsvið Alþingis
Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd,
bt. Elínar Valdísar Þorsteinsdóttur
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 13. maí 2008
EBI/mp

Efni: Umsögn um frumvörpin; Fiskeldi þskj. 831, mál 530, flutnings stjórnýslu- og eftirlitsverkefna á sviði lax- og silungsveiði fiskræktar o.fl. til Fiskistofu þskj. 832, mál nr. 55 og Fiskræktarsjóð þskj. 885, mál nr. 554

Tilv: 2008050006

1. **Umsögn um frumvarp til laga um Fiskeldi þskj. 831, mál nr. 530.**
2. **Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna flutnings stjórnýslu- og eftirlitsverkefna á sviði lax- og silungsveiði fiskræktar o.fl. til Fiskistofu þskj. 832, mál nr. ~~55~~ 531.**
3. **Umsögn um frumvarp til laga um Fiskræktarsjóð þskj. 885, mál nr. 554.**

Bændasamtök Íslands hafa fengið framangreind frumvörp til umsagnar. Með bréfum dagsettum 5. þ.m. sendi Landsamband Veiðifélaga yður, umsagnir sínar. Bændasamtök Íslands vísa til þeirra umsagna og taka undir og styðja það er þar kemur fram.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands

Eiríkur Blöndal



Alþingi
Erindi nr. P 135/267
komudagur 9.5.2008


Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

7. maí 2008.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis hefur sent Fiskistofu tii umsagnar frumvarp til laga um flutning stjórnsýslu- og eftirlitsverkefna á sviði lax- og silungsveiði o.fl., 531.mál.

Ég, undirritaður, hef samið umsögn þessa fyrir hönd Fiskistofu og geri ekki athugasemdir við það að ofangreind verkefni verði flutt frá Matvælastofnun til Fiskistofu. Ég hef séð breytingartillögur sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins við frumvarpið, dags. 30.04.2008, og tel þær til mikilla bóta en er þó ósammála ráðuneytinu um nauðsyn þess að binda það í lögum að þau verkefni sem hér um ræðir skuli vera á sérstöku sviði Fiskistofu sem nefnist lax- og silungsveiðisvið.

Á núverandi skipuriti Fiskistofu eru 6 svið og öll mun fjölmennari en þetta nýja svið yrði, en á því yrðu einungis tveir starfsmenn. Frá stofnun Fiskistofu fyrir tæpum 16 árum hafa verið gerðar margar breytingar á skipuritinu, svo sem á sviðaskipan og á nöfnum einstakra sviða, auk þess sem verkefni hafa verið færð á milli sviða til að auðvelda breytta og betri stjórnunarhætti, t.d. vegna nýrra verkefna. Þessi þróun hefði ekki gengið eins fljótt og vel fyrir sig ef skipurit stofnunarinnar væri að sumu eða öllu leyti bundið í iög. Lögin um Fiskistofu segja ekkert um innra skipulag eða skipurit Fiskistofu en fela það í vald ráðherra að kveða nánar á um skipulag og starfsemi stofnunarinnar. Þetta tel ég eðlilegt og fullnægjandi. Ég vil taka það fram að ég tel rétt og hef hugsað mér að stjórnsýsla á sviði lax- og silungsveiði verði í upphafi, og þess vegna til frambúðar, á sérstöku sviði í skipuriti Fiskistofu verði þessi verkefni færð til stofnunarinnar. Ég er hins vegar á móti því að binda þetta fast í lögum og vil halda opnum möguleikum á því að sameina síðar þessi verkefni öðrum sem gætu þótt eiga samleið ef það þætti líklegt til að geta leitt til betra skipulags og stjórnsýslu. Í því sambandi mætti nefna verkefni er lúta að fiskeldi sem væntanlega munu færast til Fiskistofu skv. öðru frumvarpi sem liggur fyrir Alþingi. Sama er að segja um eftirlitsverkefni á sviði lax- og silungsveiði. Munu þau eiga samleið með öðrum eftirlitsverkefnum Fiskistofu sem unnin eru á 43ja manna veiðieftirlitssviði stofnunarinnar með sínum útibúum víðsvegar um landið? Ég veit það ekki, en mér finnst ótækt að geta ekki lagað þau nýju verkefni, sem hér er fjallað um, að öðrum verkefnum Fiskistofu ef reynslan bendir til þess að það yrði ótvírætt til bóta. Í þessu sambandi má einnig nefna brotamál, upplýsingamál, skýrslusöfnun, skýrslugerð o.fl. og sú spurning vaknar hvort með þessu frumvarpi sé verið að ákveða að öll slík mál er lúta að stjórnsýslu á sviði lax- og silungsveiði skuli unnin að öllu leyti á lax- og silungsveiðisviðinu, en ekki á öðrum sviðum Fiskistofu eins og lögfræðisviði og upplýsingasviði? Ég ítreka að ég tel mjög margt mæla gegn því að lögfesta þetta eina (tveggja manna) svið á Fiskistofu og óska þess að 7. grein frumvarpsins verði ekki breytt eins og ráðuneytið leggur til. Að öðru leyti styð ég breytingartillögur ráðuneytisins.


Þórður Ásgeirsson
fiskistofustjóri

Alþingi
Erindi nr. P 135/2311
komudagur 21.4.2008

From: Jóhannes Sturlaugsson [mailto:johannes@laxfiskar.is]

Sent: 17. apríl 2008 23:14

To: Arnbjörg Sveinsdóttir; Atli Gíslason; Grétar Mar Jónsson; Gunnar Svavarsson; Helgi Hjörvar; Jón Gunnarsson; Karl V. Matthíasson; Kjartan Ólafsson; Vaigerður Sverrisdóttir

Cc: Einar K. Guðfinnsson; Elín Valdís Þorsteinsdóttir

Subject: Umsögn JS_ Laxf. v/ Þskj 832 - 531. máls - viðbót 17. apríl v/ 3. greinar

Sælir ágætu Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndarmenn
og ágæti Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Undirritaður hafði f.h. rannsóknafyrirtækis míns Laxfiska sent ykkur umsögn 15. apríl s.l. vegna lagafrumvarps sem fjallaði um tímabæran flutning veiðimálasviðs frá Matvælastofnun yfir á Fiskistofu. Í þeim lögum sem nálega öllu leyti virtust til fyrirmyndar var að finna innskotsgrein sem varðaði lagatillögu þess efnis að Veiðimálastofnun megi taka þátt í rekstri hlutafélaga eða annars konar reksturs í samvinnu við einkaaðila með vísun í rannsókn- og þróunarvinnu. Sú grein var felld út úr lagafrumvarpi um Veiðimálastofnun 2006 af Landbúnaðarnefnd sökum þess að hún samræmist ekki samkeppnislögum og öðrum jafnræðislögum og reglum né samræmist hún lögbundnu hlutverki Veiðimálastofnunar sem eru hreinar og klárar rannsóknir í eigin nafni.

Í umsögninni frá 15. apríl fór ég vel yfir forsendur þess að fella verður þessa lagagrein úr því frumvarpi sem hér til umræðu. Ég hef frá þeim tíma gert skrinortari viðbótarumsögn þar sem þó er að finna viðbótarrök fyrir nauðsyn þess að fella verður umrædda umsögn úr lagafrumvarpinu. Ég bið ykkur að lesa vel þessar tvær umsagnir (15. og 17. apríl) með vissu um það að rökin þar eru svo yfirþyrmandi að þið sjáið að eina færa leiðin er að fella þessa grein úr frumvarpinu líkt og Landbúnaðarnefnd sá í umfjöllun sinni um lög um Veiðimálastofnun 2006.

Í umsögninni frá 15. apríl vék undirritaður einnig að nauðsyn þess að veiðiskýrslur yfir veiði á ferskvatnsfiskum væru höndlaðar á ákveðinn máta meðal annars m.t.t. þess að Veiðimálastofnun og einkareknum rannsóknaaðilum á borð við Laxfiska væri ekki mismunað um aðgang að slíkum gögnum svo mjög sem þau koma við sögu ákveðinna rannsókna sem og ýmsa þjónustu sem veitt er í samkeppni á milli þessara aðila. Þau rök sem þar eru færð fyrir mínu máli m.a. varðandi breytingartillögur einfaldar til lagfæringar standa sem fyrr.

Undirritaður hafði óskað eftir fundi með ykur til að fylgja eftir þessum umsögnum. Þar gefst færi á að ræða málin og þær spurningar sem þið kunnið að hafa við mína röksemdafærslur.

Réttlætiskveðja,

Jóhannes Sturlaugsson

Jóhannes Sturlaugsson Johannes Sturlaugsson

Í umræddri lagagrein er kveðið á um að Veiðimálastofnun verði leyfilegt að eignast í og taka þátt í að reka hlutafélög eða önnur fyrirtæki með takmarkaða ábyrgð sem innna að rannsóknum og/eða þróun sem tengist starfssviði Veiðimálastofnunar. Hér að neðan er rakið sundurliðað hvers vegna slíkur rekstur samrýmist ekki rekstri ríkisstofnunar. Í tilfalli Veiðimálastofnunar er þetta venju fremur augljóst þar sem stofnunin sinnir öllum lagabundnum umsögnum á sínu starfssviði en hefur samhliða þó óheft leyfi til samkeppnisreksturs ef frá er talið að taka þátt í rekstri hlutafélaga eða annars reksturs í samvinnu við einkaaðila.

Veiðimálastofnun líkt og aðrar ríkisreknar rannsóknastofnanir á ekki:

1. Að standa í rekstri hlutafélaga eða annarra fyrirtækja með takmarkaða ábyrgð, því stofnunin hefur skilgreindu rannsóknahlutverki að gegna. Sú starfsemi fellur undir stjórnábyrgð og fer ekki saman með rekstri hlutafélaga o.þ.h. samkeppnisreksturs.
2. Að nota skattfé almennings til að byggja upp hlutafélög eða annan rekstur með eignaraðild einkaaðila.
3. Að nota aðstöðu (húsnæði, tæki, rannsóknasvæði, gagnasöfn) sem byggð hefur verið upp fyrir almannafé til að byggja upp hlutafélög eða annan rekstur með eignaraðild einkaaðila.
4. Að nota sérfræðipækkingu sem haldið er úti fyrir almannafé til að byggja upp hlutafélög eða annan rekstur með eignaraðild einkaaðila.
5. Að sækja styrkfé í rannsóknasjóði í krafti burða sinna sem ríkisstofnun og ríkisfjármuna sem móttframlaga og færa inn í rekstur hlutafélaga eða annan þess háttar rekstur. Hér má geta þess að samkeppni skekkist enn frekar vegna þessa fyrir tilstilli þeirrar staðreyndar að sumir stærstu rannsóknasjóðir landsins s.s. Tækjasjóður einkaskóla styrkumsóknir við ríkisstofnanir.
6. Að nýta samstarfstengsl og þekkingu frá samvinnu sem til staðar er fyrir tilstilli eðlis og burða ríkisstofnunarinnar innan og utan stjórnkerfisins, inn í rekstur hlutafélaga eða annan rekstur í samvinnu við einkaaðila. Þar með talið vegna lagabundinna setu í samtökum og nefndum innlendum jafnt sem alþjóðlegum.
7. Að standa í rekstri hlutafélaga eða annarra fyrirtækja því slíkt fer ekki saman með lagabundnu umsagnarhlutverki stofnunarinnar sem m.a. leyfisveitingar ýmsar á starfssviði Veiðimálastofnunar byggjast á.
Að taka þátt í samkeppnisrekstri hlutafélaga eða annars konar samkeppnisrekstri með aðild einkaaðila sem vinna að rannsóknum og þróun.
8. Öll vinna við rannsóknir og þróun á starfssviði Veiðimálastofnunar er unnin í samkeppnisumhverfi. Einhvern tíma hefði verið talið ómögulegt að ríkisrekin rannsóknastofnun með markaðsráðandi stöðu og alla lögbundna umsagnarskyldu á starfssviðinu í þokkabót fengi að starfa í samkeppni við einkaaðila um rannsóknir. Sú er reyndin með Veiðimálastofnun, en að framlengja þau réttindi til að nýta sér bolmagn ríkisins einnig til þátttöku í rekstri hlutafélaga o.þ.h. fyrirtækja er með öllu ótæk tillaga. Sem er engu betri þótt vísað sé til þess að slíkum undanþágum hafi verið klúðrað inn í lög annarra ríkisfyrirtækja á vettvangi fiskirannsókna. Hvers eiga einkareknir rannsóknaraðilar á sviði fiskirannsókna að gjalda?
Að hafa lög um starfsemi sína sem leiða til þess að aðstaða ríkisstofnunarinnar (liðir 1-8) er notuð með vísun í rannsókn- og/eða þróunarvinnu til að byggja upp hlutafélög eða önnur fyrirtæki með eignaraðild einkaaðila. Slagkraft Veiðimálastofnunar og annarra rannsóknastofnanna ríkisins á ekki að vera hægt að færa til einkarekstrar
9. undir yfirskyni rannsókn- og/eða þróunar í gróðaskyni þar sem slíkt felur í sér augljósar samkeppnishömlur gagnvart samkeppnisaðilum fyrirtækja sem hafa ekki slíka ríkisþátttöku.
Af þeirri ástæðu felldi Landbúnaðarnefnd Alþingis lagagrein sem var samhljóða þeirri sem hér er til umfjöllunar úr lagafrumvarpi um Veiðimálastofnun sem varð að lögum 2006.

Í lögum um Veidimálastofnun sem samþykkt voru 2006 var sett inn ákvæði sem gerir stofnuninni kleift að reka fiskræktar, fiskeldis og hafbeitarstöð. Það ásamt ótakmörkuðu leyfi til rannsókna frá jökulsporðum og á haf út sýnir að rannsóknar- og þróunarstarf Veidimálastofnunar er á engan hátt takmarkað. Við setningu sömu laga 2006 ákvað Landbúnaðarnefnd Alþingis að fella úr lagafrumvarpinu þá lagagrein sem hér til umræðu. Ástæðan var einfaldlega sú að slíkur samkeppnisrekstur ríkisstofnunar gengur gróflega í berhöggi við samkeppnislög og eðlilegt viðskiptasiðferði og því væri slík lagasetning þó væri hún gerleg, dæmi um óvandaða lagasetningu m.t.t. samkeppnislaga, jafnræðis og ríkjandi siðferðisviðmiða.

Eignaraðild Veidimálastofnunar sem er markaðsráðandi á sínu sviði og þess utan með allar lagabundnar umsagnir á sinni hendi í fyrirtækjum utan ríkisrekstursins (hlutafélögum o.þ.h.) felur í sér mismunun sem leiðir til þess að þróunar- og rannsóknakostnaður fyrirtækja sem að hluta til eru í eigu Veidimálastofnunar verður lægri en samkeppnisaðilanna. Slíkar ríkisrekningar samkeppnishömlur myndu fyrrmuna samkeppnisaðilum að þrífast sem vinna að samskonar rannsókna- og þróunarvinnu. Ef sú tillaga að lagagrein sem hér er til umræðu yrði gerð að lögum þá gæti Veidimálastofnun í nafni rannsókna- og þróunarstrangt til tekið hafið rekstur á hverju sem er innan starfssviðsins en einnig þar sem snertifletir eru við önnur starfssvið. Að framsæknum verkefnum frátöldum og mögulegum afurðum þeirra sem merkilegt nokkuð hafa engin verið nefnd til sögunna í þessu sambandi. Þá gæti Veidimálastofnun í samstarfi við einkaaðila með tilvísun í að rannsóknir og þróun komi þar við sögu hafið undirboð á hefðbundnum afurðum og þjónustu á sínu starfssviði með fyrirtækjarekstri í samvinnu við einkaaðila. Dæmi um það gæti verið sala á seiðum og sérfræðipjónustu með vísun í samlegðaráhrif vegna rannsókna og þróunar, t.d. með þátttöku í rekstri fiskeldisstöðvar. Á meðal samkeppnisambaga sem slík þáttaka í rannsókna- og þróunarrekstri hlutafélaga o.þ.h. gæti haft í för með sér væri tilfærsla verkefna frá Veidimálastofnun til umræddra "undirfyrirtækja". Eitt dæmi um slíkt væri að flytja þá þjónustu sem Veidimálastofnun er ekki samkeppnisfær í, út af stofnuninni inn í heppilegasta rannsóknar- og/eða þróunarfyrirtæki sem Veidimálastofnun rekur í samvinnu við einkaaðila (eða stofna sérstakt slíkt félag um reksturinn). Þar væri hægt á öðrum forsendum að gera þjónustuna samkeppnishæfa með framlagi Veidimálastofnunar t.d. í tækjum og aðstöðu og um leið undirbjóða þá samkeppnisaðila sem bjóða sömu þjónustu. Þar eins í áður nefndum tilfellum væri verið að vinna að rannsóknar- og þróunarmálum og þjónustan væri aðeins einn liður til að hámarka hagkvæmni þeirrar vinnu með tilheyrandi dauðadómi yfir rekstri samkeppnisaðilanna.

Óþarft er telja upp fleiri dæmi um samkeppnishömlur sem fyrirhuguðum lögum myndi fylgja. Í lokin er þó bæði þarft og rétt að minna á að útlensla ríkisins í samkeppnisrekstri er ekki ávísun á auðlegð frekar en ríkisreksturinn sjálfur. Veidimálastofnun hefur verið rekin með sérlega miklum halla undanfarin ár ef frá er talið árið 2007 þegar stofnunin fékk 80 milljónir króna til skuldajöfnunar. Nú er lagt fram lagaákvæði sem ætlað er að útvíkka starfsemi þessarar stofnunar þvert á allar yfirlýsingar ríkisins um að draga saman í ríkisrekstri sem er venju fremur nauðsynlegt við þær efnahagsaðstæður sem ríkja um þessar mundir. Hvernig er hægt að afsaka þennan kostnað og frátafir sem af slíkum viðbótarrekstri hljóta ekki síst m.t.t. þess að stjórn Veidimálastofnunar vitnar sífellt til þess að fjármunir og mannaflí stofnunarinnar nægi ekki til þess að sinna lagabundnum rannsóknaskyldum. Ekki batnar ástandið ef hlutafélagið eða hlutafélögin sem Veidimálastofnun hefur lagt mikið til lenda í miklum rekstrarerfiðleikum. Væri ekki freistandi fyrir Veidimálastofnun við slíkar aðstæður að leggja allt kapp á það að bjarga hlutafélaginu frá gjaldþroti með því að haga rannsóknaráherslum og notkun á fjármagni og aðstöðu á þann veg að það myndi auka líkindin á að koma rekstri hlutafélaganna í lag. Hvað ef á þeim sama tíma allt það kapp fer illa saman við lagabundin megin markmið í rekstri ríkisstofnunarinnar? Svona mætti halda áfram að velta vöngum. Aðalatriðið er hinsvegar að þeir hagsmunaaðreklar sem þátttaka Veidimálastofnunar í rekstri hlutafélaga felur í sér gagnvart skilgreindum rekstri Veidimálastofnunar sem rannsóknaraðila með umsagnarskyldu og gagnvart samkeppnisaðilum á þessu sviði getur ekki annað en fyrrmunað því að umrædd lagagrein verði að lögum.

Með réttlætiskveðju,

JÓHANNES STURLAUGSSON

Jóhannes Sturlaugsson

LAXFISKAR

Tölvupóstfang: Johannes@laxfiskar.is

Laxfiskar ehf
Hraðastaðir 1
Pósthólf 280
270 Mosfellsbær
Sími: 664 70 80



LANDSSAMBAND FISKELDISSTÖÐVA

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/1 af 1705
komudagur 14. 5. 2008

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd
Elín Valdís Þorsteinsdóttir
Austurstræti 8-10
150 – Reykjavík.

Reykjavík, 14. maí 2008

Málefni: Umsögn um frumvarp til laga um flutning stjórnýslu- og eftirlitsverkefna til Fiskistofu, 531. mál, þingskjal 832.

Landssamband fiskeldisstöðva (Lf) styður að flutningur á stjórnýslu- og eftirlitsverkefni samkvæmt íslenskum lögum flytjist til Fiskistofu. Lf gerir ekki athugasemdir við einstaka lagagreinar frumvarpsins.

F.h. Landssambands fiskeldisstöðva

Virðingarfyllt,

Guðbergur Rúnarsson



Alþingi
Erindi nr. Þ 135/2572
komudagur 7.5.2008

Reykjavík, 5. maí 2008.

Nefndarsvið Alþingis
Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna flutnings stjórnarsýslu- og eftirlitsverkefna á sviði lax- og silungsveiði fiskræktar o.fl. til Fiskistofu þskj. 832, mál nr. 53.531.

Landssamband veiðifélaga hefur fengið framangreint frumvarp til umsagnar með bréfi dags. 23. apríl 2008.

LV vekur athygli á að stjórnarsýsla veiðimála á sér langa sögu, afmarkaða í lögum um lax- og silungsveiði. Lengst af var sérstakt embætti Veiðimálastjóra sem hafði stjórnarsýsluna á hendi. Þetta fyrirkomulag hefur leitt til þess að Ísland hefur nokkra sérstöðu varðandi styrka stjórn þessa málaflokks. Nú líta aðrar þjóðir til okkar varðandi löggjöf og stjórn laxaaauðlindarinnar.

Tímamót urðu þegar embætti Veiðimálastjóra var lagt niður árið 2005 og stjórnarsýsla veiðimála felld undir Landbúnaðarstofnun. Í aðdraganda þeirra breytinga voru gefin fyrirheit um að sérstakt, sjálfstætt veiðimálasvið færi með málaflokkinn. Framkvæmdin hefur í reynd orðið allt önnur og nú er svo komið að stjórnarsýsla veiðimála heyrir undir yfirdýralækni samkvæmt skipuriti MAST. Þær breytingar sem gerðar hafa verið á Landbúnaðarstofnum, síðar Matvælastofnun, gera það að verkum að stjórnarsýsla veiðimála á þar ekki samleið.

Landssamband veiðifélaga leggur sem fyrr þunga áherslu á að starfrækt verði sérstakt stjórnarsýslusvið veiðimála lax og silungs. Við tökum undir það sjónarmið sem fram kemur í fyrirbyggjandi frumvarpi að eðlilegra geti talist að lax- og silungsveiðisvið verði vistað hjá Fiskistofu í kjölfar þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á Matvælastofnun. Slíkt er hægt að gera eftir atvikum með breytingum á lögum um Fiskistofu eða fella ákvæði um stjórn veiðimála inn í lög nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.


Enn skal þó leggja þunga áherslu á að sviðið verði afmarkað í lögum eins og frumvarpið ráðgerir og sviðstjóri heyrir beint undir forstjóra Fiskistofu.

Stjórnsýsla veiðimála er sérhæft verkefni og það er okkur mikilvægt að sú þekking og reynsla sem safnast hefur hjá embætti Veiðimálsstjóra fari ekki um víðan völl og tapist. Við viljum sem fyrr vera í fararbroddi þjóða við Norðanvert Atlantshaf í þessum efnunum.

Fiskistofa fer með viðamikla stjórnsýslu í sjávarútvegi. Ljóst er að stjórnsýsluverkefni í lax- og silungsveiði eru lítil í þessum samanburði. Því er hætt á að þeim verkefnum verði dreift innan Fiskistofu við framkvæmd stjórnsýslunnar. Það er augljóst hvaða afleiðingar slíkt hefur í för með sér.

Það er því skoðun Landssambands veiðifélaga að mikilvægt sé að einn sviðsstjóri, innan Fiskistofu, fari með alla framkvæmd stjórnsýslu veiðimála á lax og silungi og leggur LV til að sá aðili verði skipaður af ráðherra.

Virðingarfyllst,
f.h. Landssambands veiðifélaga


Óðinn Sigbórsson, formaður



Alþingi
Erindi nr. P 135/2008
komudagur 5.5.2008

Nefndasvið Alþingis
Berist sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd
Austurstræti 8 – 10

Tilvísun vor: 98.11
Reykjavík, 02.05.2008

150 REYKJAVÍK

Efni: Frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna flutnings stjórnsýslu- og eftirlitsverkefna á sviði lax- og silungsveiði, fiskræktar o.fl. til Fiskistofu, 531. mál

Landsvirkjun hefur borist ofangreint frumvarp til umsagnar. Fyrirtækið gerir ekki athugasemdir við frumvarpið eins og það liggur fyrir.

Virðingarfyllt

Friðrik Sophusson
forstjóri



Málefni:

Umsögn Jóhannesar Sturlaugssonar f.h. rannsóknafyrirtækisins Laxfiska ehf til Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis um "Frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna flutnings stjórnsýslu- og eftirlitsverkefna á sviði lax- og silungsveiði, fiskræktar o.fl. til Fiskistofu" (Þskj. 832 — 531. mál á 135. löggjafarþingi 2007–2008).

Undirritaður rannsóknaraðili sendir hér Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd umsögn vegna áðurnefnds lagafrumvarps sem tekið verður til 1. umræðu 15. apríl 2008 (útbýtingardagur 7/4 2008 og á vef 14/4). Undirritaður óskar eftir því að fá að senda inn frekari umsögn vegna fyrirhugaðra lagabreytinga, en vegna mikilvægis málsins þá var sú umsögn sem hér fylgir send strax þannig að umrædd sjónarmið liggi fyrir við 1. umræðu málsins. Einnig er óskað er eftir því að fá að koma á fund nefndarinnar.

Tvær greinar lagafrumvarpsins eru umfjöllunarefni þeirrar umsagnar sem hér fylgir.

A. Fyrri lagagreinin varðar útpenslu í rekstri Veiðimálastofnunar sem ef tillagan verður að veruleika með fulltingi Alþingis, felur í sér að ríkisstofnuninni Veiðimálastofnun er gert fært að stunda óheft rekstur hlutafélaga og félaga með takmarkaða ábyrgð í samkeppni við einkafyrirtæki.

B. Seinni lagagreinin fjallar um vinnslu veiðigagna úr íslenskum ám og vötnum ásamt hvernig aðgengi er að þeim.

Varðandi fyrri greinin sem hér er fjallað um (A) þá er rétt að byrja á því að birta hana eins og hún lítur út í fram lögðu frumvarpi ásamt þeim skýringarathugasemdum sem frumvarpinu fylgdu þegar það var lagt fram (sjá innrammaðan texta hér að neðan).

II. KAFLI

**Breytingar á lögum nr. 59/2006, um Veiðimálastofnun,
með síðari breytingum.**

3. gr.

Við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Veiðimálastofnun er heimilt að eiga aðild að rannsókn- og þróunarfyrirtækjum, sem eru hlutafélög eða önnur félög með takmarkaðri ábyrgð, er þróa hugmyndir og hagnýta rannsókn- og þróunarverkefni sem stofnunin vinnur að hverju sinni.

Athugasemdir í frumvarpinu við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 3. gr.

Það er talið rétt að Veiðimálastofnun geti átt aðild að sérstökum fyrirtækjum um rannsókn- og þróunarverkefni. Með því er stuðlað að betri tengslum og samvinnu stofnunarinnar við atvinnulífið en einnig getur stofnunin við þær aðstæður betur fylgt eftir niðurstöðum rannsókna sinna svo að þær nýtist betur stofnuninni sjálfri. M.a. er talið æskilegt að stofnunin fái sjálf arð af þeim verkefnum sem hún vinnur að og geti nýtt hann til að efla og styrkja starfsemi sína og þau verkefni sem hún vinnur að á hverjum tíma. Einnig er bent á að Veiðimálastofnun starfar að hluta til á samkeppnismarkaði og er af þeirri ástæðu m.a. talið rétt að stofnunin geti þróast og mótast í samræmi við markaðsaðstæður. Svipuð ákvæði eru í ýmsum lögum um sambærilegar stofnanir.

Áður nefnd breytingartillaga á lögum nr. 59/2006 í því lagafrumvarpi sem hér er til umfjöllunar er á skjön við inntak og innihald lagafrumvarpsins að öðrum leyti, þ.e.a.s. flutning verkefna frá Matvælastofnun til Fiskistofu sem varða stjórnýslu- og eftirlitsverkefni á sviði lax- og silungsveiði. Hvað er það sem knýr svo á um það að skjóta inn þessari óskyldu grein um það að ríkisstofnunin Veiðimálastofnun fái leyfi til að hefja þáttöku í rekstri hlutafélaga og annars konar reksturs með skerta ábyrgð?

Hér ber að athuga að umrædd lagagrein var sett inn í lagafrumvarp um Veiðimálastofnun en felld út áður lögin tóku gildi 2006, sökum þess að slík heimild til handa Veiðimálastofnun þótti ekki forsvaranleg (sjá innrammaðan texta hér að neðan) og þau rök standa enn óhögguð.

Upphafleg 5. grein frumvarps um Veiðimálastofnun (sem er samhljóma 3. grein frumvarpsins sem hér er til umfjöllunar) **sem lagt var fram 2006 er hér að neðan. Í þeirri grein var 4. málsgreinin (skáletruð hér að neðan) felld út að tillögu Landbúnaðarnefndar Alþingis** (sjá feitletraðan texta rauðu í nefndarálit Landbúnaðarnefndar hér að neðan, um 4.mgr. 5.gr.).

5. gr.

Stjórnskipulag Veiðimálastofnunar.

Forstjóri ákveður skipurit Veiðimálastofnunar.

Veiðimálastofnun er heimilt að starfrækja starfsstöðvar á landsbyggðinni.

Veiðimálastofnun er heimilt að starfrækja rannsóknastöð í fiskrækt, fiskeldi og hafbeit.

Veiðimálastofnun er heimilt að eiga aðild að rannsókna- og þróunarfyrirtækjum, sem eru hlutafélög eða önnur félög með takmarkaðri ábyrgð, er þróa hugmyndir og hagnýta rannsóknar- og þróunarverkefni sem stofnunin vinnur að hverju sinni.

132. löggjafarþing 2005–2006.

Þskj. 1329 — 612. mál.

Nefndarálit

um frv. til l. um Veiðimálastofnun. Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Atla Mát Ingólfsson lögfræðing frá landbúnaðarráðuneyti, Karl Axelsson hrl., Sigurð Guðjónsson frá Veiðimálastofnun, Óðin Sigþórsson frá Landssambandi veiðifélaga, Ingólf Þorbjörnsson og Hans Unnþór Ólason frá Landssambandi stangaveiðifélaga, Sigurjón Valdimarsson, formann veiðifélags Norðurár, Sigurð Jakobsson frá veiðifélaginu Flóka, Pétur Jónsson, formann veiðifélags Andakílsár, Sigvalda Ásgeirsson, formann veiðifélags Reykjadalárs, Bjarna Júlíusson frá Stangaveiðifélagi Reykjavíkur, Jóhannes Sturlaugsson frá Laxfiskum ehf., Jón Gíslason og Árna Ísaksson frá Landbúnaðarstofnun, Sigurbjörgu Gísladóttur og Kristján Geirsson frá Umhverfisstofnun, Orra Vigfússon, Höllu Björnsdóttur og Steingrím Eiríksson frá Norður-Atlantshafslaxasjóðnum, Matthías Á. Mathiesen, fulltrúa eigenda jarðarinnar Skóga í Borgarfjarðarsveit, Aron Jóhannsson, Helga Þorsteinsson, Hauk Halldórsson frá Félagi eigenda sjávarjarða við austanverðan Eyjafjörð og Sigurgeir Þorgeirsson og Árna Snæbjörnsson frá Bændasamtökum Íslands.

Umsagnir bárust nefndinni frá Sýslumannafélagi Íslands, Landssambandi veiðifélaga, Landssambandi stangaveiðifélaga, Jóni Kristjánssyni fiskifræðingi, Laxfiskum ehf., Náttúrufræðistofnun Íslands, Umhverfisstofnun, Viðskiptaráði Íslands og Landvernd.

Með frumvarpinu er lagt til að sett verði sérlög um Veiðimálastofnun en ákvæði um hana eru nú í lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970. Frumvarpið er flutt samhliða frumvarpi til laga um varnir gegn fisksjúkdómum, frumvarpi til laga um fiskrækt, frumvarpi til laga um eldi vatnafiska og frumvarpi til laga um lax- og silungsveiði. Helstu breytingar í frumvarpinu eru þær að hlutverk Veiðimálastofnunar er betur skýrt og stjórn stofnunarinnar lögð af en í staðinn lagt til að ráðgjafarnefnd verði stofnuð.

Við umfjöllun nefndarinnar komu fram athugasemdir varðandi 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins sem kveður á um að Veiðimálastofnun leitist við að sinna hlutverki sínu samkvæmt lögnum í nánú samstarfi og samvinnu við menntastofnanir landbúnaðarins. Nefndin telur óþarft að kveða á um slíkt í lögum. Leggur því nefndin til að málsgreinin falli brott.

Nefndin leggur til að 4. mgr. 5. gr. falli brott en hún kveður á um að Veiðimálastofnun sé heimilt að eiga aðild að rannsókna- og þróunarfyrirtækjum. Nefndinni bárust ýmsar athugasemdir um að rannsóknarhlutverk stofnunarinnar færi ekki saman við það að samkeppnisaðilar þyrftu að leita til hennar um leyfi, umsagnir o.fl. Nefndinni bárust einnig þær upplýsingar að fara ætti fram endurskoðun á Veiðimálastofnun og taldi nefndin því ekki tilefni til að gera miklar breytingar á frumvarpinu heldur skyldi áhersla lögð á að endurskoðunin færi fram sem fyrst.

Að lokum er lögð til breyting á ákvæði til bráðabirgða þannig að einum fulltrúa frá Félagi eigenda sjávarjarða verði bætt við samráðsnefndina og með því komi fleiri hagsmunaaðilar að henni.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með fyrrnefndum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 4. maí 2006.

Forsendurnar frá því að lög um Veiðimálastofnun voru samþykkt á Alþingi 2006 hafa ekkert breyst. Þar var í mörgum af innsendum umsögnum um frumvarpið fjallað um hreina og klára meinbugi þess að ríkisrekin Veiðimálastofnun sem fyrir tilstilli laganna mætti óheft stunda samkeppni um rannsóknir og ráðgjöf við einkaaðila samhliða því að vera sjálfskipaður umsagnaraðili allar álitamála á sínu starfssviði. Þar með talið vegna umsagna sem vörðuðu varðandi grundvallarmálefni veiðifélaga og annarra mögulegra kaupenda að rannsóknþjónustu sem og varðandi mál er varða samkeppnisaðila. Þeir sem vilja sjá nákvæmlega hvað liggur að baki því óréttlæti og samkeppnishömlum sem hér verið að ræða eru vinsamlega beðnir að kynna sér umsagnir Laxfiska ehf til Landbúnaðarnefndar þingsins varðandi setningu laga um Veiðimálastofnun 2006 á vefsvæði Alþingis. Vefslóðin er <http://www.althingi.is/dba-bin/erindi.pl?ltq=132&mnr=612> Af umsagnarerindum þeim sem ég skrifaði fyrir hönd rannsóknafyrirtækis míns Laxfiska þá eru þau sem skipta mestu máli að finna í skjölum með eftirfarandi auðkenni á áður nefndri vefsíðu Dbnr. 1677 og Dbnr. 2003 (hægt að virkja í gegnum veraldarvefinn með því að ýta á CTRL takkann og smella samtímis á númer málsins hér í skjalinu).

Vegna þess að Landbúnaðarnefnd var 2006 upplýst um þá meinbugi sem að lög um Veiðimálastofnun fólu í sér var í friðþægingarskyni settur áður nefndur texti í nefndarálit Landbúnaðarnefndar er fylgdi lögnum sem fylgir hér skáletraður. *"Nefndinni bærust ýmsar athugasemdir um að rannsóknarhlutverk stofnunarinnar færi ekki saman við það að samkeppnisaðilar þyrftu að leita til hennar um leyfi, umsagnir o.fl." Nefndinni bærust einnig þær upplýsingar að fara ætti fram endurskoðun á Veidimálastofnun og taldi nefndin því ekki tilefni til að gera miklar breytingar á frumvarpinu heldur skyldi áhersla lögð á að endurskoðunin færi fram sem fyrst."*

Þessi útlitun á samkeppnislegum meinbugum laga um Veiðimálastofnun í nefndaráliti Landbúnaðarnefndar Alþingis sem fylgdi fram lögðum lögum um Veiðimálastofnun. Þar sem vitnað var í það að þá lausu samkeppnisenda megi laga við endurskoðun sem fara ætti fram á Veidimálastofnun sem fyrst verða seint talin fyrirmyndarvinnubrögð. Hér má geta þess að enn hefur ekki orlað á endurskoðunarbragarbót á því samkeppnisumhverfi þó mikið lægi við að þetta væri gert sem fyrst. Það verður hinsvegar ekki tekið af Landbúnaðarnefnd 2006 að þar á bæ áttuðu menn sig þó á því að það voru takmörk fyrir því hvað slíkur nefndarálitsplástur gæti hulið. Af þeim sökum var 4. málsgrein 5. greinar í lagafrumvarpi um Veidimálastofnun 2006 sem nú er samhljóma að finna afturgengið í 3. grein þess frumvarps sem hér er til umfjöllunar felld út úr frumvarpinu um Veidimálastofnu 2006 áður en það fékk fullgildingu í júní 2006.

Undirritaður vonar að þeir þingmenn sem koma að afgreiðslu laganna sem hér eru til umfjöllunar sjái sér fært að lesa umsagnir Laxfiska og annarra aðila til Landbúnaðarnefndar 2006 sem gerðu það að verkum að umrædd grein um leyfilega rekstrarþátttöku Veidimálastofnunar í fyrirtækjum sem rekin væru sem hlutafélög eða á annan máta var ekki talin samræmast þeim rekstri sem eðlilegt má telja að Veidimálastofnun stundi. Víst er að nóg skekkja þau lög samkeppnisstöðuna þess utan sem og ýmis lög um rannsóknasjóði, rekstrarhættir Veidimálastofnunar, framkvæmd fjárlaga og fleiri þættir opinberrar stjórnsýslu sem koma við sögu í samkeppni Veidimálastofnunar og samkeppnisaðila þeirra. Til þess að menn átti sig á því hversu mölbrotinn potturinn er í samkeppnisumhverfi Veidimálastofnunar og samkeppnisaðila þeirra þá finnst undirrituðum það lágmarks viðleitni m.t.t. þess sem

hér er kynnt að þingmenn sem koma að afgreiðslu þess lagafrumvarps gefi sér tíma til að lesa erindi sem undirritaður sendi Vísinda- og tækniráði Íslands 2007 en innihald þess varðar þá samkeppnismismunun sem stórlega væri aukið við ef að ráðgerðar breytingar á lögum nr. 59/2006, um Veiðimálastofnun yrðu að veruleika. Erindið sem sent var Vísinda- og tækniráði Íslands er í tveimur skjölum sem eru sem fylgiskjöl lögð fram sem hluti af þessari umsögn. Það fyrra er stutt bréf til nefndarmanna og það síðara ítarleg greinagerð um málið. Auk þess fylgir þriðja skjalið sem inniheldur svar Vísinda- og tækniráðs Íslands frá í janúar 2008, sem enn fremur er fylgiskjal umsagnarinnar.

Þó svo að þingmenn geti auðveldlega séð lagalega og siðferðislega meinbugi þess að heimila Veiðimálastofnun þátttöku í rekstri hlutafélaga on annarra mögulegra félaga með því að kynna sér umsagnir Laxfiska og annarra aðila til Landbúnaðarnefndar 2006 og erindi Laxfiska til Vísinda- og tækniráðs Íslands 2007 þá vill undirritaður tryggja nánari naflaskoðun á nefndum fyrirhuguðum lagabreytingum með smá samantekt. Hér verður fjallað um 3. greinina í frumvarpinu ekki síst með því að skoða þær athugasemdir sem Veiðimálastofnun og/eða ráðuneytismenn létu fylgja henni (skáletraður texti hér að neðan) og skoða þær fullyrðingar í ljósi þeirra raka sem mögulega gætu skýrt nauðsyn þess að koma umræddum atriðum lagagreinarinnar til framkvæmda með lagasetningu.

Það er talið rétt að Veiðimálastofnun geti átt aðild að sérstökum fyrirtækjum um rannsókn- og þróunarverkefni. Með því er stuðlað að betri tengslum og samvinnu stofnunarinnar við atvinnulífið en einnig getur stofnunin við þær aðstæður betur fylgt eftir niðurstöðum rannsókna sinna svo að þær nýtist betur stofnuninni sjálfri. M.a. er talið æskilegt að stofnunin fái sjálf arð af þeim verkefnum sem hún vinnur að og geti nýtt hann til að efla og styrkja starfsemi sína og þau verkefni sem hún vinnur að á hverjum tíma.

Þessi upphafslíður útskýringanna sem fylgja 3. grein frumvarpsins segja með öðrum orðum að með lagabreytingunni væri Veiðimálastofnun gert kleift að eiga ásamt öðrum sérstök fyrirtæki og þar með taka þátt í rekstri þeirra.

Ekkert er tiltekið um það í hve mörgum fyrirtækjum Veiðimálastofnun má eiga.

Ekkert er tiltekið um hve mikið Veiðimálastofnun má eiga hlutfallslega eða í krónum talið í viðkomandi fyrirtækjum.

Ekkert er tiltekið sem gæti þrengt hringinn varðandi það hvers konar rekstur er leyfilegur í þessari fyrirhuguðu útpenslu á starfsemi Veiðimálastofnunar.

Hvaða rannsóknar- og þróunarfyrirtæki eru það sem lífsspursmál er fyrir Veiðimálastofnun að taka þátt í að reka þegar lög um stofnunina frá 2006 höfðu tryggt að stofnunin fékk leyfi til að reka rannsóknastöð í fiskeldi, fiskrækt og hafbeit? Einungis kemur fram að þetta verði að vera rannsókn- og þróunarfyrirtæki (hlutafélög eða önnur félög með takmarkaðri ábyrgð) sem þróa hugmyndir og hagnýta rannsókn- og þróunarverkefni sem stofnunin vinnur að hverju sinni. Vitandi það að rannsóknnum Veiðimálastofnunar eru engin takmörk sett í lögum um stofnunina ef frá talið að það varði ferskvatn eða íbúa þess allt frá jöklum og á sjó út þá má ljóst vera að möguleikar umræddra rannsóknar- og þróunarfyrirtæki til starfsemi geta verið nánast óendanlegir. Þegar litið er til þess að Veiðimálastofnun má nú þegar í reynd stunda allar þær rannsóknir og tilheyrandi þróun á rannsóknaraðferðum, nýtingarviðmiðum og ráðgjöf sem rúmast í viðtæku lagaumhverfi þeirra, þ.m.t. innan eigin rannsóknastöðvar í fiskrækt, fiskeldi og hafbeit þá er ekki á nokkurn hátt forsvaranlegt að þóknast einhverjum sérhagsmunum innabúðarmanna enn frekar á

kostnað samkeppnisaðila og skattgreiðenda með því að gefa Veiðimálastofnun einnig frjálssar hendur varandi það að standa í rekstri hvers kyns fyrirtækja sem falið gætu í sér snefil af rannsóknum eða þróun. Það er ekkert sem knýr á um að Veiðimálastofnun standi í einhverjum rekstrarlegum samyrkjubúskap vegna rannsóknar- og þróunarverkefna sem unnin eru í samstarfi með öðrum einka- eða ríkisstofnunum. Í gegnum áratugina hefur þar á bæ líkt og í öðrum ríkisfyrirtækjum verið unnið að rannsókn- og þróunarmálum án þess að stofnuð séu fyrirtæki um rekstur þeirra. Frasi í skýringartexta við þessa grein frumvarpsins um að umrætt ákvæði um að Veiðimálastofnun megi standa í rekstri annarra fyrirtækja stuðli að betri tengslum og samvinnu stofnunarinnar við atvinnulífið stenst ekki nánari skoðun. Í reynd eru það einungis einhver óútskýrð gróðasjónarmið sem gætu útskýrt þessi loðnu samlegðaráhrif sem ekkert naglfast er sagt um. Ef að siðferðislega ætti að vera stætt á því að Veiðimálastofnunar færi út í rekstur rannsókn- og þróunarfyrirtækja með einkaaðilum þá ætti öllum að vera ljóst að taka þyrfti það skref sem í sjálfu sér hefði átt að taka strax 2006 og aðskilja þann lögboðna umsagnarþátt sem Veiðimálastofnun sinnir frá samkeppnisrekstrinum og einkavæða rannsóknarhluta Veiðimálastofnunar (grunn- og þjónusturannsóknirnar). Þá gæti einkavæddi rannsóknahlutinn staðið í rekstri rannsókn- og þróunarfyrirtækja án þess að siðferðislega væri traðkað á samkeppnisaðilum og skattgreiðendum. Enda er að öðrum kosti verið að ræða um stórfenglega mismunun m.t.t. sóknarfæra Veiðimálastofnun í hag enda geta samkeppnisaðilarnir ekki geta geta seilst í ríkisfjármagnið og þær aðstæður aðrar sem ríkisstofnanir hafa umfram einkaaðila. Af framansögðu þá er með eindæmum að smiðirnir sem settu þessa stöku lagagrein (3. greinina) inn í lagafrumvarpið hafi sett í skýringar sínar eftirfarandi gullmola (skáletrað). "*Einnig er bent á að Veiðimálastofnun starfar að hluta til á samkeppnismarkaði og er af þeirri ástæðu m.a. talið rétt að stofnunin geti þróast og mótast í samræmi við markaðsaðstæður. Svipuð ákvæði eru í ýmsum lögum um sambærilegar stofnanir.*" Hér hefur verið rakið að fjárhagslegur rekstur Veiðimálastofnunar hefur undir stjórn Sigurðar Guðjónssonar verið í megnasta ólestri og einkennst af ábyrgðarleysi með sjálfstöku á almannafé sem ríkið hefur síðan séð um að hefur verið skuldajafnað við ríkissjóð. Á sama tíma hefur ríkið sett lög um Veiðimálastofnun (2006) sem hafa aukið frjálssræði stofnunarinnar m.t.t. rannsóknaverka um allan helming, gert öllum skylt að lúta umsögnum stofnunarinnar. Samtímis því að Veiðimálastofnun var gert kleift að stunda óhefta samkeppni öfugt við það sem ætla eðlilegt er þar sem umsagnar- og rannsóknarhagsmunir fara alls ekki alltaf vel saman ekki síst þegar markaðsráðandi ríkisrekið fyrirtæki er með öll spilin á hendi í samkeppnisumhverfinu. Í ljósi rekstrarháttá Veiðimálastofnunar er því broslagt að tala um að með enn frekari fyrirtækjarekstri Veiðimálastofnunar og þá væntanlega allt eins áframhaldandi hallarekstrurs ef amlóðþjónusta ríkisins verður ekki veitt áfram sé réttmæt svo að stofnunin geti þróast og mótast í samræmi við markaðsaðstæður. Hvað markaðsraus er hér á ferðinni? Veiðimálastofnun er rannsóknastofnun en ekki framleiðslufyrirtæki. Ef rannsóknarekstur Veiðimálastofnunar á að þróast og mótast í samræmi við samkeppnis á þeim markaði en ekki bara ana freklega áfram í samkeppninni vitandi það að ríkið borgar brúsann þá er eins og áður segir eina ráðið að selja rannsóknarhlutann frá þeim lögboðnu stjórnsýslulegu störfum sem Veiðimálastofnun er skylt að sinna (umsagnir o.þ.h.).

Í ljósi þess hvornig rekstur Veiðimálastofnunar er upp byggður og enn frekar vegna þeirrar hræðilegu rekstarafkomu sem einkennt hefur rekstur Veiðimálastofnunar undir stjórn Sigurðar Guðjónssonar undanfarin ár að frátöldu 2007 þegar rekstraróreiðan var verðlaunuð með hreint út sagt ótrúlegum aukafjáveitingum úr ríkissjóði. Þá er eðlilegt að eftirfarandi lokaorð í skýringum frumvarpssmiðanna með 3. greininni falli í gryttan

jarðveg. Þar segir "M.a. er talið æskilegt að stofnunin fái sjálf arð af þeim verkefnum sem hún vinnur að og geti nýtt hann til að efla og styrkja starfsemi sína og þau verkefni sem hún vinnur að á hverjum tíma." Er ekki nóg að gert í lagaumhverfinu til að auka ójöfnuð í rannsóknsumhverfi ferskvatnsfiska og ferskvatns á kostnað einkaaðila. Nú er tímabært að ríkisrekin Veiðimálastofnun standi sig í rekstri sínum án sjálfþöku sem síðan "mamma borgar". Að fara að tala um útvíkkaðan rekstur m.t.t. þess hvert hlutverk Veiðimálastofnunar á að vera, sem og miðað við ógöngur í rekstrarforsögu Veiðimálastofnunar og öðru fremur m.t.t. samkeppnislegra jafnréttissjónarmiða þá er ótækt að reynt sé að setja efni 3. greinar umrædds frumvarps í lög og tala um arð fyrir einhverja óútskýrða snilld sem augljóslega tengist ekki þekktum rekstrarhæfileikum Veiðimálastofnunar. Atriði sem Alþingi hefur nýlega með rökum hent út úr lagafrumvarpi um Veiðimálastofnun og kom þannig í veg fyrir stórslys. Einnig er eðlilegt að menn velti fyrir sér ályktanir stjórnarflokkanna um minnkuð ríkisumsvif þegar svo langt er seilst að lagt er upp með að fara er út fyrir mörk sem ákvarða eðlilega samkeppni og eðlilegt siðferði til auka ríkisreksturinn.

Seinni lagagreinin sem er fjallað um í þessri umsögn fjallar um vinnslu veiðigagna úr íslenskum ám og vötnum ásamt því hvernig aðgengi er að þeim. Hér að neðan er texti (innrammaður) sem varðar þessa lagagrein og tilheyrandi skýringarumfjöllun lagasmiðanna.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:

Veiðimálastofnun safnar veiðiskýrslum í samræmdu formi sem stofnunin útbýr og leggur til í umboði Fiskistofu. Veiðiskýrslur teljast opinber gögn og almennar upplýsingar úr veiðiskýrslum skulu jafnframt vera aðgengilegar almenningi sem og öðrum rannsókn- og ráðgjafaraðilum samkvæmt ákvörðun Fiskistofu.

b. 2. másl. 3. mgr. fellur brott.

Athugasemdir í frumvarpinu við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 8. gr.

Skráning á veiði er gríðarlega mikilvæg og er bæði grunnur undir stjórnsýsluákvörðunum í veiðimálum og verðmætamati veiðivatna. Einnig eru í veiðigögnum fólgnar afar mikilvægar upplýsingar um líffræðilega þætti í fiskstofnum. Þetta eru því að hluta vísindagögn sem nýtast í rannsóknavinnu til að meta ástand fiskstofna og til leiðsagnar um veiðistjórnun og fiskrækt.

Veiðimálastofnun hefur safnað og unnið úr þessum gögnum í umboði stjórnsýslu veiðimála til margra ára gegn gjaldi. Eðlilegt er að Veidimálastofnun sinni þessu starfi eins og verið hefur og geti nýtt þessi gögn við rannsóknir og ráðgjöf. Hefur Veidimálastofnun meðal annars lagt vinnu í það að koma á netskráningu á veiði. Mjög mikilvægt er að haldið sé utan um veiðiskráningu og er hún í raun mat á stöðu lax- og silungsstofna hér á landi og því undirstaða nýtingaráætlana og stjórnvaldsáðgerða vegna friðunar, ef þeirra gerist þörf. Aðgengi stjórnsýslunnar að þessum gögnum þarf því að vera greitt og ótakmarkað. Einnig þarf aðgengi hagsmunaaðila og ýmissa ráðgjafaraðila að þessum gögnum að vera frjálst þótt framsetning gagnanna geti verið takmörkunum háð vegna trúnaðar við þá sem leggja til gögnin, ekki síst gagnvart netaveiði. Framsal umræddra gagna til einstaklinga og fyrirtækja þarf því að vera á vegum hlutlauss stjórnsýsluaðila sem getur metið réttmæti slíks framsals út frá ákvæðum upplýsinga-, stjórnsýslu- og samkeppnislaga. Í frumvarpinu er lagt til að framsal slíkra gagna sé alfarið á vegum veiðimálasviðs Fiskistofu.

Undirritaður sér í sjálfu sér ekkert sem mælir eindregið gegn því að veiðiskýrslugögn séu slegin inn af Veiðimálastofnun þó svo segja mætti að þrifalegasta aðferðin hefði verið sú að þetta hefði verið boðið út. Til að sú vinna Veiðimálastofnunar fyrir Fiskistofu sé á eðlilegum nótum samkeppnislega þarf að uppfylla tvenn skilyrði.

Annarsvegar þarf móttaka veiðibókanna og annarra veiðiskýrslna frá veiðiréttarhöfum fyrir innslátt gagna sem og skil þeirra í kjölfar þess að gögnin hafa verið slegin inn að vera í höndum Fiskistofu. Í þessu tilliti er hægt að benda á fordæmi í úrskurði Samkeppniseftirlitsins vegna kæru Jóns Kristjánssonar á hendur Veiðimálastofnun. Þar var gert Veiðimálastofnun gert að uppræta eigin brot á samkeppnislögum og eitt af atriðunum sem tínt var til ásamt veigamestu atriðunum var það að aðskilja skyldi símsvörun Veiðimálastofnunar og Veiðimálastjóraembættisins enda þótt starfssemin færi fram í sama húsnæði þar sem ekki væri eðlilegt að þeir sem reka þyrftu mál hjá embætti Veiðimálastjóra þyrftu að millilenda í símsvörun hjá Veiðimálastofnun m.a. vegna þess að slík aukaumferð hagsmunaaðila s.s. veiðiréttarhafa til Veiðimálastofnunar fyrir tilstilli embættis Veiðimálastjóra væri til þess fallið að skapa ójafnar aðstæður á milli Veiðimálastofnunar og samkeppnisaðila þeirra sem meðal annars gæti haft áhrif á verkefnastöðu. Á sama hátt er því nauðsynlegt að Fiskistofa sé samskiptaaðilinn við þá sem skila inn veiðiskýrslum.

Hinsvegar þá þarf að vera jafnræði með rannsóknaraðilum varðandi aðgengi að gögnum úr veiðiskýrslum. Þetta felur í sér að þegar árlegum innslætti veiðigagna er lokið þá er skjalaskránum (og veiðibókunum) skilað til Fiskistofu sem heldur utan um gögnin. Þegar rannsóknaraðilar hvort heldur er Veiðimálastofnun eða samkeppnisaðilar þurfa á gögnunum að halda þá kalla þeir eftir viðkomandi skráum frá Fiskistofu og vitna til leyfis frá viðkomandi Veiðifélagi eða tilsvarandi umráðamanni veigagnanna ef um grunngögn er að ræða. Í því gagnaflutningskerfi sem netið bíður upp á í dag þá er slíkur flutningur skjalaskrá ekkert vandamál. Ástæða þess að þetta jafnræði verður að vera fyrir hendi er sú ástæða að Veiðimálastofnun þrátt fyrir að vera brauðfædd af almenningi er lagalega heimilt að stunda óhefta samkeppni. Það umhverfi er nægilega ambögulegt og á skjön við eðlilega samkeppnishætti nú þegar þó svo að ríkið stíki ekki enn frekar út þann ójöfnuð með því að láta Veiðimálastofnun hafa óheftan aðgang að veiðigögnum landsins en á sama tíma skulu samkeppnisaðilar Veiðimálastofnunar taka við því sem að Fiskistofa stýfir þeim úr hnefa. Allt sem sagt er um mikilvægi veiðigagna fyrir rannsókn- og ráðgjafastarfsemi Veiðimálastofnunar í skýringunum með þessari lagagrein gildir einnig fyrir aðra rannsóknaraðila. Þarft er að rifja það upp að undirritaður þurfti aldrei að greiða fyrir afnot af veiðigögnum úr þeim gagnagrunni þau 17 ár sem að hann vann á Veiðimálastofnun. Eftir að undirritaður hóf sjáfstæða rannsóknastarfsemi þá mátti ég hinsvegar borga stórar upphæðir fyrir að láta samkeppnisaðila minn Veiðimálastofnun færa með einu handtaki að segja má þær gagnaskrár sem ég þurfti hverju sinni yfir á geisladisk. Tvennt var óréttlátt í þessu. Í fyrsta lagi átti lögum samkvæmt að vera hægt að nálgast gögnin hjá embætti Veiðimálastjóri (síðar Landbúnaðarstofnun og enn síðar Matvælastofnun) en þar voru þau ekki til hvað sem lögin sögðu og því mátti undirritaður setta sig við að samkeppnisaðilinn vissi upp á hár hvað ég var að skoða af veiðigögnum. Í hinu fallinu þá átti Veiðimálastofnun lögum samkvæmt ekkert að hafa með umsýslu þessara gagna að gera en samt gat hún fundið sig í að rukka menn um gjald fyrir afrit af gögnum á sama tíma og stofnunin greiddi ekki krónu fyrir sín afnot. Ganga þarf þannig frá lögum um þessi mál að slíkir hlutir endurtaki sig ekki.

Hér í lokin er rétt að ræða enn frekar þætti sem varða umrædda lagasetningu sem fólgin er í 3. grein frumvarpsins. Hún er þess eðlis að mér finnst við hæfi að hafa vænt niðurlag sem kemur inn á þá ósvinnu m.t.t. samkeppni sem að slík lagagrein myndi hafa í för með sér gagnvart einkaaðilum. Samhliða er ekki annað hægt en að ræða þá rekstrarhætti sem Veðimálastofnun hefur fengið að ástunda í samkeppni sinni við einkaaðila í skjóli ríkisvaldsins enda málin beintengd.

Undirritaður telur víst að þeir ráðuneytismenn sem komu að því að setja innihald 3. greinar lagafrumvarpsins hafi gert það í góðri trú, þ.e.a.s. til að gefa Veðimálastofnun tækifæri á að efla starfsemi sína. Sannleikurinn er þó sá að starfsmenn sem að slíkri vinnu koma eiga að vita betur. Því líkt og ég hef áður bent á þá er hægt að troða ýmsu í lög sem hvert mannsbarn sér að stenst ekki grundvallarlög né siðferðisviðmið. Spurningin er bara sú hversu langt menn vilja ganga. Í málefnum Veðimálastofnunar verður að segjast eins og er að þessi markaðsráðandi ríkisrekni rannsóknaraðili hefur fengið að hafa sína hentisemi árum saman á kostnað samkeppnisaðila sinna. Meðal annars með því að fara stórkostlega fram úr fjárlögum vegna sjálfskipaðra rannsóknaverkefna sem unnin eru í samkeppni við einkaaðila án þess að til nokkurra eftirkasta læmi. Á einungis þeim 5 árum frá því að undirritaður stofnaði rannsóknafyrirtæki sitt náði Veðimálastofnun undir stjórn Sigurðar Guðjónssonar framkvæmdastjóra að safna meiri skuldum en nokkru sinni fyrr sem varð til þess að Landbúnaðarnefnd Alþingis mæltist til þess að fjárlagenefnd og Alþingið í heild sinni samþykkti að jafna út þær skuldir með fjárlögum vegna 2006. Niðurstaðan var sú að Alþingi greiddi þessar 60 milljónir til Veðimálastofnunar 2007 án þess að fá nokkrar nánari skýringar enda þótt ástæðan sem að Sigurður Guðjónsson framkvæmdastjóri Veðimálastofnunar gaf nefndinni fyrir hallarekstrinum hefði gefið brýnt tilefni til þess að fá slíkar upplýsingar. Hver var þá ástæðan sem fram kemur í greinagerð Landbúnaðarnefndar Alþingis? Jú hún var þverrandi sértekjur, þ.e.a.s. samdráttur í samkeppnisumsvifum Veðimálastofnunar eins og hann verður skýrastur. Halli á samkeppnisverkum Veðimálastofnunar var sem sagt jafnaður út með því að brúa bilið með fjármunum almennings án nokkurra athugasemda af hálfu Alþingis. Fyrst kastaði tólfunum í vinnubrögðum Landbúnaðarnefndar og Fjárlaganefndar þegar samtímis var ákveðið að veita Veðimálastofnun aukalega 20 milljónir á fjárlögum 2007 vegna þess að Sigurður Guðjónsson hafði upplýst Landbúnaðarnefnd um það á fundi síðla árs 2006 að tilfinning stjórnenda Veðimálastofnunar væri sú að sértekjur myndu dragast hastarlega saman 2007. Enn heyrðist ekki hósti eða stuna um það að þetta þyrfti að skýra frekar fyrir Alþingi, ekki frekar en varðandi 60 milljónirnar. Einhverjum hefði hinsvegar fundist forkastanlegt að gera nokkuð annað í ljósi þeirrar sjálftöku sem Veðimálastofnun stóð fyrir á fjármunum til handa verkefnum sem unnin voru í samkeppni við einkaaðila. Í reynd ætti það að vera svo að ríkisrekstur sem fer fram úr ríkisfjárlögum og varðar ekki megin þætti í lífi fólks þ.e.a.s. heilsu sem og uppeldi og menntun á ekki að líðast og allra síst þegar hann er í bullandi samkeppni líkt og gildir um Veðimálastofnun. Menn geta reynt að skýra slíkan rekstur með hinu og þessu en þegar upp er staðið þá eru slíkar framúrkeyrslur ríkisstofnanna í samkeppnisrekstri umfram fjárlagaheimildir ekkert annað en sérlega frekleg sjálftaka á almannafjármunum. Þetta er raunin með Veðimálastofnun sem vegna áður nefndrar amlóðþjónustu ríkisins 2007 með 80 milljón króna viðbót ofan á ríkisframlaginu 2007 (60 milljónir v/ 2006 og 20 milljónir aukafjárveiting v/ 2007) náði í fyrsta sinn um langa hríð að ljúka árinu án halla. Tekjuafgangur ársins 2007 hjá Veðimálastofnun nam hluta af þeim 20 milljónum sem ríkið veitti Veðimálastofnun aukalega 2007 vegna þess áætlaða tekjumissi sem stjórnendur töldu að stofnunin myndi verða fyrir 2007 vegna samdráttar í sértekjum. Einhver hefði haldið að þeim hluta væri þá skilað aftur til ríkissjóðs en líklega hafa enn á ný sést teikn á lofti um

sértekjumissi 2008 og því hafa stjórnendur sýnt eðlilega ráðdeild í því að "þjóðnýta" tekjuafganginn áfram í samkeppni við einkaaðila á þessu rannsóknasviði. Í þessu sambandi má geta þess að undirritaður óskaði eftir því við Ingimar Jóhannsson ráðuneytisstjóra í Landbúnaðarráðuneytinu að fá að sjá þær árlegu athugasemdir sem skoðunarmenn Landbúnaðarráðuneytis eiga lögum samkvæmt að gera á ársreikningum Veiðimálastofnunar líkt og annarra undirstofnanna sinna. Að öllu eðlilegu þá hefði átt að vera af nægu að taka þar sem að Veiðimálastofnun var margfaldur Íslandsmeistari í hallarekstri ríkisstofnanna (hlutfallslega miðað við ríkisframlag). Skemmst er frá að segja að undirritaður fékk engin gögnin

Af hverju að vera með þetta langa niðurlag með stagli um fjármálaóreiðu Veiðimálastofnunar og ábyrgðarleysi ríkisvaldsins þegar kemur að framkvæmd fjárlaga í tilviki Veiðimálastofnunar? Vegna þess að ekkert réttlætti þá sjálfstöku fjármuna í samkeppnisrekstri sem frá var greint og ekki heldur hvernig ríkisvaldið hélt á málunum í framhaldinu. Hvorutveggja hefur eðli málsins haft gríðarleg áhrif í þá veru að skekkja samkeppnisstöðu á þessum vettvangi Veiðimálastofnun í hag. Flestir héldu að nóg væri að gert og engum gat dottið í hug að reynt yrði á ný að setja í lög enn frekari ójöfnuð. Ójöfnuð sem felur í sér að ríkistofnun sem haldið er uppi af almannafé og fær engu að síður að stunda óhefta samkeppni þar sem samkeppnistaða er greidd niður með sjálfstöku á viðbótarfjármunum almennings svo sem hallarekstur hefur endurspeglad skuli eiga vera gert kleift að hefja þátttöku í rekstri hlutafélaga og annars konar fyrirtækja. Er ekki nóg komið? Ekki ef marka má 3. grein lagafrumvarpsins sem hér er til umfjöllunar. Ekki þarf mikið að rýna í lögina um Veiðimálastofnun þótt fátæklega séu þau afmörkuð til að skilja að þessari stofnun eru ætluð ákveðin hlutverk sem varða rannsóknir á nytjastofnun og öðru lífríki ferskvatns, nýtingu þeirra þátta og ráðgjöf og lögboðnar umsagnir þessu tengt. Þegar Veiðimálastofnun var veitt heimild í lögum um stofnunina 2006 til að starfrækja rannsóknastöð í fiskrækt, fiskeldi og hafbeit fannst undirrituðum og mörgum fleirum að verið væri að teygja sig ansi langt enda þótt slík rannsóknastaða væri til þæginda að einhverju leyti þá var ljóst að næg fyrirtæki sem eru til staðar á umræddum rekstarsviðum gætu skapað alla þá aðstöðu til rannsókna sem þyrfti fyrir lítið og jafnvel ekkert í stað þess að bjóða heim frekari ríkisumsvifum með tilheyrandi hættu á hallarekstri. Nú er reyndar mælirinn fullur þegar í umræddu lagafrumvarpi birtist lagagrein sem hent hafði verið út úr lagafrumvarpi um Veiðimálastofnun 2006 vegna þess að hún fól í sér að Veiðimálastofnun væri gefið leyfi til rekstrar sem komin er út fyrir alla heilbrigða skynsemi hvað varðar þann rekstur sem Veiðimálastofnun á að stunda. Ofan á það bætist síðan að slík innkoma markaðsráðandi ríkisfyrirtækis girðir fyrir aðkomu einkaaðila í sömu erindagjörðum því ríkisaðilinn getur gengið í ríkisfjármuni, mannafla ríkisins og umfram einkaaðila í rannsóknasjóði í ljósi markaðsráðandi stöðu sinnar og ríkisframlaga og sökum innbyggðrar lagamismunar ríkisstofnunum til handa. Hvað það er í rannsóknar og þróunarstörfum Veiðimálastofnunar samkvæmt skilgreindum lögum um Veiðimálastofnun sem að rúmast ekki innan starfsvettvangs stofnunarinnar, þ.m.t. mögulegs reksturs fiskeldis-fiskræktar- og hafbeitarstöðvar er undirrituðum fyrirmunað að skilja.

Í ljósi þess sem að ofan greinir er óskað eftir því að tillaga um breytingu á lögum nr. 59/2006, um Veiðimálastofnun skv. 3. gr. verði felld úr lagafrumvarpinu. Sem fæli í sér að ekki væri bætt við 5. gr. laganna nýrri málsgrein sem kvæði á um að Veiðimálastofnun mætti eiga aðild að hlutafélögum og öðrum félögum sem leggðu stund á rannsóknir og þróun.

Með réttlætiskveðju og fyrirfram þökk,

JÓHANNES STURLAUGSSON

Jóhannes Sturlaugsson

Fylgiskjöl umsagnar:

- 1-2. Erindi til Vísinda- og tækniráðs Íslands 24. ágúst 2004
(2 skjöl: Erindi JS_Laxfiska -Fyrri hluti.doc + Erindi JS_Laxfiska -Seinni hluti.doc)
3. Svar frá Vísinda- og tækniráði við erindi 18. janúar 2008
(Visinda og tæknirad - jan08.jpg)



Tölvupóstfang: johannes@laxfiskar.is

Laxfiskar ehf
Hraðastaðir 1
Pósthólf 280
270 Mosfellsbær
Sími: 664 70 80

Vísinda- og tækniráð Íslands

Mosfellsbær 24. ágúst 2007.

Málefni:

Erindi til Vísinda- og tækniráðs með beiðni um að ráðsmenn kynni sér ábendingar þess og svari spurningum er varða vilja (afstöðu/stefnumótunarhugmyndir) ráðsins til breytinga á starfsumhverfi grunnrannsóknna í átt til jafnræðis.

Ágætu ráðsmenn,

Hér fáið þið erindi til umfjöllunar frá undirrituðum varðandi samkeppnishömlur sem lög um starfsemi Tækjasjóðs og Rannsóknasjóðs fela í sér gagnvart einkareknum fyrirtækjum og þar með atvinnuþátttöku starfsmanna þeirra. Erindið hafði áður verið sent til umfjöllunar hjá Tækjasjóði og Rannsóknasjóði Rannís þann 24. janúar 2007 (afrit m.a. sent Vísinda- og tækniráði). Erindið er sent ykkur til umfjöllunar í þeirri vissu að í krafti þess hlutverks sem ykkur er ætlað, þá sjáið þið til þess að löggjafarvaldið aðlagi þessi lög hið snarasta að landslögum sem varða samkeppnismál og jafnræði enda annars ekki kostur á þeirri öld sem nú er runnin upp. Í svari við erindinu frá fyrri umfjöllun frá Guðrúnu Nordal formanni stjórnar Rannsóknasjóðs og Tækjasjóðs frá 23. mars 2007 kemur enda fram að eiginleg svör við spurningunum eigi heima hjá Vísinda- og tækniráði "sem sinnir stefnumótun á sviði vísinda og tækni" og því áframsendi hún erindið þangað. Undirritaður ákvað því að við hæfi væri að senda ykkur þetta beint til umfjöllunar ef það gæti stuðlað að því að svörin bærust fyrr og skýrar en ella. En að auki er með þeim hætti hér með óskað eftir viðbrögðum ykkar sem mótunaraðila hérlendra rannsóknamála við því hvernig mögulegt er að bæta þær miklu samkeppnishömlur aðrar sem einkaaðilum í íslensku umhverfi grunnrannsóknna eru búnar (sjá einkum í umfjöllun erindisins í kaflanum "Aðrir stjórnvaldspættir er ráða miklu um samkeppnisumhverfi grunnrannsóknna).

Hér með óskar undirritaður þess að Vísinda- og tækniráð Íslands taki afstöðu til málanna sem til umræðu eru. Víst er að þessi mál verður að leysa með hraði enda hneisa fyrir annars góða stjórnun rannsóknamála hérlendis. Sá tími er runninn upp að stjórnvöld verða að stöðva þær ríkisreknu samkeppnishömlur sem fyrirmuna einkareknum rannsóknnaðilum eðlilegt rekstrarumhverfi fyrir tilstilli ólaga rannsóknasjóða og tilvik villuráfandi samkeppnisríkisreksturs ríkisins sem ekkert eða lítið er gert í að bæta.

Víst er að afgreiðsla Vísinda- og tækniráðs á spurningum er varða vilja (afstöðu/stefnumótunarhugmyndir) yfirvalda þessa málaflokks til breytinga á starfsumhverfi grunnrannsóknna í átt til eðlilegs jafnræðis m.a. með vísun í grundvallar jafnræðisreglur er mál sem í mörgum tilfellum varðar líf og dauða fyrir einkarekstur á sviði grunnrannsóknna, líkt og í tilfelli þess rannsóknareksturs sem undirritaður stundar. Gera verður þá kröfu að lagagjöorningar á mínu starfsviði líkt og öðrum starfsviðum taki tillit til almennra laga sem varða samkeppnismál og önnur

grundvallarlög sem fela í sér að stjórnvaldsaðgerðir hvaða nafni sem þær nefnast feli ekki í sér að möguleikar manna til atvinnuþátttöku og atvinnustarfsemi séu skertir vegna laga eða aðgerða sem fela í sér siðleysi og samræmast ekki ríkjandi grundvallarlögum.

Öllum sem lesa erindi mitt má ljóst vera að augljósir ágallar þeirra þátta sem ég gerði að umtalsefni fela í sér óréttlæti sem ekki á að viðgangast. Nú þegar úrlausn erindisins er komin í hendur Vísinda- tækniráðs Íslands og hefur þegar verið þar til umfjöllunar að einhverju leyti þá geri ég ráð fyrir að fá mjög fljótlega svar við þeim spurningum sem að ég setti fram í lok bréfsins. Vissulega geri ég mér vonir um að afstaða yfirvalda þessa málaflokks til spurninga minna, þ.e.a.s. afstaða manna í Vísinda- og tækniráði og mögulegra nefnda á þess vegum sem það gæti leitað til varðandi álitsgerðir vegna þessa, verði í anda jafnræðis. Jafnvel þó svo færi ekki einhverra hluta vegna þá skiptir mestu að fá fram hver vilji yfirvalda er í þessu máli. Hvert sem svarið verður þá mun undirritaður halda áfram með umrætt jafnréttismál og fá um það umfjöllun hjá löggjafaraðila þessa lands og í fjölmiðlum þannig að í náninni framtíð verði hægt að koma í veg fyrir alvarlegasta misréttið sem viðgengst í dag í starfsumhverfi undirritaðs í skjóli ríkisaðgerða. Tilgangur minn með erindi mínu og spurningum er skýr og kemur hvorki til vegna þess að ég hafi fæðst kverúlant eða áunnið mér slíkt eðli. Af þeim sökum óska ég eftir því að fá strax refjalaus svör við tilgreindum spurningum mínum en að öðrum kosti verð ég að óska eftir aðstoð úrskurðarnefndar um upplýsingamál.

Undirritaður ítrekar að nú þegar erindið er komið úr höndum Rannsóknasjóðs til yfirstjórnenda vísinda- og tæknimála þessa lands þá er við hæfi að óska einnig eftir almennum viðbrögðum frá þeim yfirvöldum við þeim fjölmörgu þáttum sem ég kem inn á í erindi mínu sem varða samkeppnihamlandi misrétti sem viðgengst á starfsviði rannsóknafyrirtækis undirritaðs. Hver er til dæmis skoðun manna hjá Vísinda- og tækniráði á því að ríkisstofnanir sem starfa á samkeppnisviði geti ítrekað fengið aukafjárveitingar til að rétta af rekstrarhalla sem er runnin frá samkeppnisrekstri?

Réttlætiskveðja,

JÓHANNES STURLAUGSSON

Jóhannes Sturlaugsson

LAXFISKAR

Tölvupóstfang: johannes@laxfiskar.is

Laxfiskar ehf
Hraðastaðir 1
Pósthólf 280
270 Mosfellsbær
Sími: 664 70 80

Mosfellsbær 24. ágúst 2007

Málefni:

Ábendingar og spurningar til Vísinda- og tækniráðs Íslands vegna starfsemi Tækjasjóðs, Rannsóknasjóðs og fleiri þátta sem ríkið ákvarðar í íslensku rannsóknnaumhverfi.

Ágætu ráðsmenn Vísinda- og tækniráðs Íslands

Undirritaður rekur rannsóknafyrirtækið Laxfiska ehf sem sinnir grunnrannsóknnum á fiskum og umhverfi þeirra í ferskvatni og sjó. Mitt fyrirtæki er dæmi um sjálfstætt starfandi aðila sem sinnir grunnrannsóknnum við hlið ríkisaðilanna, meðal annars með stuðningi frá Rannís. Þær grunnrannsóknir eru í samkeppni við rannsóknir ríkisaðilanna um takmarkað fjármagn rannsóknasjóða sem ætlaðir eru til uppbyggingar framsækinna grunnrannsókna. Vandinn frá bæjardyrum einkaaðilans er sá að samkeppni hans við ríkisaðilana um fjármagn til rannsókna er í flestum tilfellum ekki mögulegt að heyja á jafnréttisgrundvelli þar sem mismunur í lögum og reglum kemur í veg fyrir það. Af þeim sökum hefur undirritaður reynt af fremsta megni að koma á framfæri ábendingum til opinberra aðila í starfsumhverfi mínu í því skyni að þrýsta á úrbætur og efni þessa bréfs er liður í þeirri viðleitni. Sláandi mismunur á milli ríkisaðila og einkaaðila sem felst í starfsemi (lögum) Tækjasjóðs hefur lengi ýtt við réttlætiskennd minni og var helsti hvati þess að ég gekk í að skrifa þetta bréf. Þegar ég síðan fór að skrifa bréfið sá ég að full þörf var á því að nota einnig tækifærið til að tæpa á þeim hluta úthlutunarreglna Rannsóknasjóðs sem gera ráð fyrir því að umsóknaraðilar að frátöldum háskólunum séu jafnir fyrir sjóðnum hvað mótframlög varðar. Þar er forsenda þess að rannsóknaverk sé styrkhæft sú að rannsóknnaaðilarnir leggi til a.m.k. helming þess kostnaðar sem rannsóknaverkin fela í sér. Þar er um að ræða viðmið sem tekur ekki tillit til þess augljósa mismunar sem er á aðstæðum ríkisrekinnna og einkarekinnna rannsóknnaaðila vegna þess að ríkisaðilarnir fá árlega greiðslur úr ríkissjóði og hafa auk þess aðstöðu sem byggð hefur verið upp af ríkinu til að leggja með sér. Því er eðlilegt að spurt sé hvort ekki sé með einhverjum ráðum hægt að taka tillit til þessa mismunar og vinna þannig gegn því að umræddur aðstöðumunur hamli aðgengi sjálfstætt starfandi rannsóknaraðila að almennu rannsóknafé. Tækifærið er einnig notað hér til að minnst á þætti í rannsóknnaumhverfinu utan Rannís þar sem hallar einnig á einkarekna rannsóknnaaðila til að menn geti glöggvað sig betur á þessum aðstæðumun í heildina tekið. Til að fullnýta þá vinnu sem hér er lögð í það að varpa ljósi á þá mismunur sem sjálfstætt starfandi aðilar í grunnrannsóknnum mega búa við, þá er afrit af bréfinu sent ýmsum aðilum öðrum en Rannís sem tengjast málefninu með einum eða öðrum hætti. Tilgangurinn er sá sami þ.e.a.s. að auka skilning fólks á þessari réttindabaráttu í þeirri von að tekið verði tillit til sjónarmiðanna í þeim margvíslegu ákvarðanatökum sem móta starfsumhverfi vísindafólks sem vinnur að grunnrannsóknnum hérlandis.

Öllum sem starfa að rannsóknum hérlendis er ljóst að starfsemi Rannís er einstök lyftistöng fyrir íslenskar rannsóknir og starfsfólki Rannís til sóma. Það breytir ekki því að þar líkt og á fleiri ríkisbæjum er með samvinnu við ráðuneyti og löggjafarvald Alþingis þörf á að færa lög og reglur enn frekar til samtímans en gert hefur verið með vísun í samkeppnislög og önnur landslög sem vitna um atvinnujafnrétti. Með því móti er til muna hægt að draga úr þeirri innbyggðu mismunun sem dregur taum ríkisrekinnna rannsóknaaðila á kostnað einkarekinnna rannsóknaraðila. Ástand sem fyrst og fremst er áskapað vegna þess að þróun laga og reglna hefur ekki haldist í hendur við nýlega tilkomu einkarekinnna rannsóknafyrirtækja sem stunda grunnrannsóknir. Af því leiðir að löggjöfin sem varðar rekstur ríkisrekinnna rannsóknaraðila og rannsóknasjóða felur gjarnan í sér samkeppnishamlandi ákvæði gagnvart sjálfstætt starfandi aðilum sem vinna að grunnrannsóknum. Einnig er vert að geta þess að í samkeppnisrekstri ríkisins í rannsóknum og fleiri athöfnum hins opinbera sem varða samkeppnismál á sviði grunnrannsókna þá hefur ekki hefur verið tekið fullt tillit til ákvæða samkeppnisreglna sem falla undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið sem Íslendingar eru aðilar að. Þegar litið er til samkeppnishamlandi reglna hjá ríkisreknu rannsóknasjóðunum þá er líklegt að lög um starfsemi Tækjasjóðs sé mest sláandi dæmið.

Umfjöllun mín tekur fyrst til Tækjasjóðs og síðan kemur Rannsóknasjóður til sögunnar. Að lokum er fjallað um aðra þætti markaða af hinu opinbera sem einnig ráða miklu um samkeppnisumhverfi grunnrannsókna til að skýra forsendur þess umhverfis og virkni á heildstæðari máta með samanburði á mismunandi rekstrarforsendum ríkis- og einkaaðila. Í niðurlagi bréfsins er að endingu að finna spurningar sem lagðar eru fyrir ráðsmenn Vísinda- og tækniráðs Íslands.

Tækjasjóður

Lögin um Tækjasjóð fela gríðarlega mismunun í sér og því knýjandi þeim verði breytt. Sá sjóður gerir ríkisreknum rannsóknaaðilum (rannsóknastofnanir og háskólar ríkisins sem og opinber hlutafélög í eigu þess sem vinna að rannsóknum) kleift að fá helming þess fjár sem þeir þurfa til kaupa á dýrum rannsóknatækjum sem styrk úr sjóðnum á meðan sjálfstætt starfandi rannsóknaraðilar geta ekki fengið slíka fyrirgreiðslu til að auðvelda sér kaup á dýrum tækjum til grunnrannsókna. Það skyldi þó aldrei vera að það væri jafn mikilvægt fyrir sjálfstætt starfandi aðila sem leggja stund á grunnrannsóknir að koma sér upp dýrum tækjabúnaði til að sinna sínum rannsóknum og það er fyrir ríkisrekna rannsóknaraðila. Þegar um er að ræða almannafé svo sem raunin er með Tækjasjóð er þá ekki tímabært að sjá til þess að þeim fjármunum sé útteilt með jöfnuð í huga? Ef einkaaðilar í grunnrannsóknum myndu fá styrki úr Tækjasjóði þá myndi það líkt og í tilfalli ríkisaðilanna ýmist ráða baggamuninn varðandi möguleg kaup á rannsóknatæki og í öðru lagi skapa færi á að kaupa tæki af meiri gæðum en ef styrksins nyti ekki við. Í þriðja lagi skapa styrkir Tækjasjóðs möguleika á marktækari gagnasöfnun sem á rannsóknasviði undirritaðs myndi t.d. geta falist í því að fjölga um allt að helming fjölda rafeindafiskmerkja, skráningartækja eða annarra rannsóknatækja sem ákvarða umfang og upplausn gagnasöfnunar. Eina vandamálið er að sjálfstætt starfandi aðilar í grunnrannsóknum fá ekki afgreidda styrki úr Tækjasjóði enda þótt um almannafé sé að ræða. Fjármuni sem almenningur þessa lands hefur þó ekki beðið um að sé misskipt með þessum hætti.

Hér er við hæfi að taka raunverulegt dæmi úr starfsumhverfi rannsóknafyrirtækis undirritaðs. Með því að skoða nýlegar fjárveitingar Tækjasjóðs til ríkisaðila sem keppir við Laxfiska ehf á sviði grunnrannsókna er þess vænst að lesendur átti sig á því að “einungis” það að einkaaðilum sé fyrirmanað að njóta Tækjasjóðs til jafns við ríkisaðila skapar mikinn aðstöðumun og hamlar samkeppni einkaðila í grunnrannsóknum. Fyrirtæki undirritaðs hefur fram að þessu fyrst og fremst unnið að grunnrannsóknum á ferskvatnsfiskum, bæði ferskvatni og í sjó og á sviði þeirra rannsókna þá er það ríkisaðilinn Veiðimálastofnun sem er ráðandi í rannsóknarlegu tilliti með hliðsjón af fjármagni og mannafla. Þegar litið er til úthlutana Tækjasjóðs á næstliðnum 3 árum til Veiðimálastofnunar þá sést að þær úthlutanir hafa haft verulega þýðingu hvað það varðar að bæta rannsóknaaðstöðu Veiðimálastofnunar og þar með samkeppnisstöðu. Árið 2004 er um að ræða 1,3 milljóna króna styrk (Veiðimálastofnun ásamt öðrum). Árið 2005 var um að ræða styrki upp á samtals 6,6 milljónir króna, þar af 2,8 m. kr til tækjakaupa sem þeir voru einir um og 3,8 m.kr til þeirra vegna tækjakaupa sem gerð voru í félagi við aðra. Árið 2006 fékk Veiðimálastofnun síðan 3,0 milljónir króna úr Tækjasjóði, þar af 2,1 m. kr til kaupa á tækjum sem þeir voru einir um. Allan þennan tíma hefur rannsóknafyrirtæki undirritaðs ekki getað fengið styrki frá Tækjasjóði til tækjakaupa en hefði þótt mátt sækja um með ríkisstofnunum ef það hefði hentað einhverjum ríkisaðilum, að því gefnu að tækin væru vistuð hjá ríkisaðila.

Samkeppnislega er semsagt enginn grundvöllur fyrir jafnræði á milli ríkisaðila og einkaaðila hvað varðar úthlutanir úr Tækjasjóði. Þrátt fyrir þessa staðreynd um mun á aðgengi á milli þessara aðila sendi undirritaður inn tvær umsóknir 2006 til Tækjasjóðs þar sem óskað var eftir styrkjum til tækjakaupa. Tilgangurinn var sá að ýta við mönnum og ennfremur var ég í aðra röndina að vona að lagatextinn sem afmarkaði úthlutanir sjóðsins við ríkisstofnanir væri í reynd ekki eins afmarkandi og hann hljómaði. Styrkumsóknirnar höfðu allt annað með sér en að umsækjandi væri ríkisstofnun allt frá notagildi tækjanna til atriða sem talin eru umsækjendum sem falast eftir styrkjum úr Tækjakaupasjóði til tekna við mat á umsóknum (til viðbótar því að rannsóknaraðilinn sé ríkisrekinn), svo sem að tækin væru nýtt í Rannís verkefnum (í fleiri en einu verkefni í þessu tilfelli) og samnýtingu þeirra á milli rannsóknaraðila. Skemmst er frá að segja að þeim umsóknum var hafnað. Í byrjun þessa mánaðar fékkst staðfest hjá Kristjáni Kristjánssyni hjá Rannís að það hefði verið gert vegna þess að umsóknir Laxfiska ehf og samstarfsaðila árið 2006 í Tækjasjóð hafi ekki verið gjaldgengar því þar hafi ekki verið íslenskar ríkisstofnanir í forsvari. Enn eitt árið mun nú líða hjá án þess að mögulegt sé fyrir fyrirtæki mitt að sækja í Tækjasjóð. Á tímabili þegar sérlega mikilvægt er fyrir starfsemina að bæta tækjabúnað fyrirtækisins.

Sjálfstætt starfandi fyrirtæki sem stunda grunnrannsókir eru ekki með áskrift að árlegum rekstrarfjármunum úr ríkissjóði svo sem ríkisreknu rannsóknaraðilarnir sem aukinheldur eru gjarnan með áratuga langa starfssögu að baki sem nýtt hefur verið til að byggja upp tækjabúnað og aðra aðstöðu með tilstyrk ríkisins. Í ljósi þessa þarf ekki mikla yfirlegu til að sjá að tækjaleg uppbygging einkafyrirtækja sem stunda grunnrannsóknir er erfiðari en ríkisaðilanna sem þau keppa við. Að því gefnu að slík einkastarfsemi sé mikilvæg viðbót á sviði grunnrannsókna þá má með sömu rökum segja að uppbygging slíkra fyrirtækja, þ.m.t. tækjaleg sé meira aðkallandi en ríkisrekinn aðila sem verið hafa um langa hríð á þessu sviði. Starfsemi einkaaðilanna þarf enda að reisa þarf frá grunni án þess að stofnkostnaður og árlegt ríkisframlag fáiast úr ríkissjóði. Með hliðsjón af þessu finnst undirrituðum að Rannís ætti ekki einungis

að breyta lögum um aðgengi að Tækjasjóði heldur að ganga skrefi lengra og gera sérstakt átak í því að hjálpa einkareknum aðilum sem hafa metnað til þess að hefja grunnrannsóknir til þess að stíga fyrstu skrefin á þeim starfsvettvangi. Starfsemi sem eykur fjölbreytni í atvinnulífinu og er þjóðhagslega hagkvæm meðal annars vegna þess að hún veitir ríkisreknum rannsóknaaðilum holla og þarfa samkeppni.

Af ofangreindum ástæðum finnst undirrituðum tími til kominn að breyta þeim lögum sem kveða á um aðgengi að Tækjasjóði. Vegna þess hve stutt er hinsvegar frá því að lög um Tækjasjóð voru til umfjöllunar (staðfest hjá Alþingi 2003) þá finnst mér það miður að mönnum hafi ekki borið gæfa strax þá til það koma í veg fyrir það ójafnræði sem sannarlega felst í störfum sjóðsins með því að takmarka aðgengi að honum áfram við ríkisrekna aðila líkt og raunin var með forvera hans Bygginga- og tækjasjóð sem var þó eðlilega miðaður við rannsóknauhverfi sem var með allt öðrum hætti en það sem til staðar er í dag. Við úttekt sem unnin var á vegum Rannís á því hvernig nýja kerfið, þ.e.a.s. breytingin úr Rannsóknarráði í Vísinda- og tækniráð vorið 2003 hefur gengið og hvort þar sé að finna ágalla sem þarfnast úrbóta, þá skilaði undirritaður inn athugasemdum skv. Stöðluðum spurningum Rannís og sendi umsjónarmanninum ennfremur afrit af erindi til Rannís sem var samhljóða þessu.

Rannsóknasjóður

Lög um Rannsóknasjóð eru að mati undirritaðs úr sér gengin varðandi lágmarksviðmiðin sem í gildi eru varðandi það hvert þurfi að vera hlutfallslegt vægi mótframlaga styrkþeganna í styrkhæfum rannsóknaverkum. Þegar rannsóknaverkefni frá ríkisaðilum og sjálfstætt starfandi aðilum keppa um hylli matsmanna Rannsóknasjóðs eða annarra sjóða þá er vitnað til þess að verkefni séu metin með sömu aðferðum þar sem sömu mælistikunum sé beitt. Vissulega er það rétt en eitt atriði sem allir þekkja kemur einnig til sem skiptir gríðarlegu máli án þess að það sé haft til hliðsjónar við mat á umsóknum og útdeilingu rannsóknafjár. Þar er á ferðinni sá grundvallarmunur sem er á verkefnum sem sótt er um fjárstyrki til handa annarsvegar frá ríkisaðilum og hinsvegar frá einkaaðilum. Munur sem kemur ekki við við sögu í mati á kostnaðarháðum gæðum verkefna. Munur sem er eingöngu komin til af því að ríkisaðilar í grunnrannsóknnum fá árlega almannafjármuni úr ríkissjóði sem þeir leggja til verkefna sem keppa um rannsóknafé við einkarekin rannsóknafyrirtæki. Munur sem ekki er tekið tillit til í viðmiðunarreglum s.s. varðandi lágmarkshlutfall mótframlaga frá hendi umsækjenda. Munur sem skiptir stundum sköpum um það hvort styrkur fæst eður ei. Flestum er það ljóst að það er í raun og veru engin sanngirni í því að ríkisaðilarnir nýti almannafjármuni til samkeppni við einkaaðila um styrkfé úr rannsóknasjóðum. Full sanngirni er hinsvegar ekki alltaf í boði og þá er næst að athuga hvernig má stemma stigu við ósanngirninni. Í tilfellinu um samkeppni ríkisaðila með verkefni brydduð almannafjármunum og einkaaðila með verkefni sem fá enga slíka fyrirgreiðslu þá má hugsa sér að rannsóknasjóðir hafi mismunandi viðmið hvað varðar mótframlög til þess að draga úr þeim aðstöðumun ríkisaðilanna sem ella er líklegur til að skína í gegnum verkefni hvað stærð og annan slíkan fjárhagslegan og aðstæðuháðan mun varðar. Undirritaður telur slíka leiðréttingu nauðsynlega enda viðhelst að öðrum kosti áfram það sem ekki er hægt að kalla annað en undirboð á verkefnum fyrir þá almannafjármuni sem ríkisstofnanir hafa til umræða í eiginlegum fjármunum, launuðum mannafla og aðstöðu. Þeir sem lengst ganga í hugmyndum um leiðréttingu hvað varðar aðgengi ríkis- og einkaaðila að rannsóknafé hafa á vissan hátt rétt fyrir sér þegar þeir spyrja hvers vegna stofnanir (að

undanskyldum háskólum) og opinber hlutafélög í eigu ríkisins hafi yfirleitt rétt á að sækja í rannsóknasjóði. Sú afstaða byggir einfaldlega á þeim grundvallarsjónarmiðum að séu rannsóknarverkefni sem um ræðir hluti þeirra lögbundnu verka sem viðkomandi stofnunum er ætlað að sinna. Þá eigi þau að vera framkvæmd af viðkomandi ríkisstofnunum án þess að fjármunum rannsóknasjóða sé blandað í málið og ríkið sjái til þess að þær hafi til þess nægt fjármagn. Hreinlegt rannsóknauhverfi af þeirri gerð myndi að sjálfsögðu byggja á því að ríkisstofnir myndu einungis sinna verkum sem þeim einum væri ætlað að sinna. Önnur verk væru unnin í samkeppni sem þýddi miðað við stöðuna í dag að ríkisfyrirtæki þyrftu að leggja niður eða selja frá sér þann rekstur sem næði til samkeppni um grunnrannsóknir og þjónusturannsóknir. Þetta umhverfi er ekki til staðar í dag og miðað við framgangsmátann í ríkisrekstrinum þá er á vissan hátt hægt að skilja þá viðleitni ríkisstofnanna að auka verðmæti fjármuna sinna með því að leggja þá sem mótframlag til verkefna sem sótt er um styrki til handa í Rannsóknasjóð og aðra slíka sjóði. Það breytir því ekki að sú staða er engu réttlátari fyrir vikið gagnvart þeim einkaaðilum sem keppa við þá um rannsóknafé úr Rannsóknasjóði og geta ekki skreytt sig með almanna fjármunum. Jafnframt ætti öllum að vera ljóst að þær samkeppnishömlur sem með þessu móti hindra eðlilegan vöxt sjálfstætt starfandi aðila í grunnrannsóknnum eru hvorki samfélaginu til hagsbóta né stuðlar slíkt að eðlilegri framþróun í rannsóknnum. Miklu máli skiptir að við þessari mismunun verði brugðist.

Skemmsta og skjótfarnasta leiðin til leiðréttinga á þeim innbyggða aðstöðumun til grunnrannsókna sem stjórnvöld hafa skapað einkareknum rannsóknafyrirtækjum sem keppa við ríkisaðila, felst í því að lagfæra rannsóknasjóðakerfið. Rannsóknasjóður er þar kjörinn vettvangur enda gegnir hann ásamt Tækniþróunarsjóði og Tækjasjóði lykilhlutverki í íslenskum grunnrannsóknnum og tækniþróun. Leiðin til úrbóta felst í því að Rannsóknasjóður og aðrir ríkisreknir rannsóknasjóðir breyti ákveðnum viðmiðum með þeim hætti að mögulegt styrkhlutfall af verkefniskostnaði verði hækkað í tilfellum styrkja til einkaaðila með tilheyrandi minni kröfum hvað varðar hlutfallslegt lágmarksvægi mótframlaga þeirra. Þeir sem hafa verið svo lánsamir að hafa fengið tækifæri til að takast á við nýjar og metnaðarfullar grunnrannsóknir með tilstyrk frá rannsóknasjóðum Rannís svo sem undirritaður er dæmi um. Vita það að framlag Rannís allt að helmingi rannsóknakostnaðarins hefði yfirleitt ekki mátt vera minna til þess að ná markmiðum verkefnanna. Af því leiðir að óraunsaett er að lækka lágmarksmótframlagið niður fyrir 50% s.s. í tilfelli ríkisstofnanna til mótvægis vegna þeirra ríkisfjármuna sem þeir leggja til verksins og því heppilegra eins að ofan segir að hækka frekar hlutfallið til einkaaðila til að stuðla að jafnræði. Þá er spurningin hvert styrkhlutfallið ætti að vera gagnvart einkaaðilum. Hér er verið að tala um grunnrannsóknir svo segja má að í sinni einföldustu mynd þá væru það í sjálfu sér rök fyrir að 100% fjármögnun ætti að koma til álita gagnvart einkaaðilum. Í ljósi þess umhverfis sem við höfum búið við, þ.m.t. takmörkuðu rannsóknafé þá er ekki við því að búast að slíkar breytingar geti orðið ofan á, um sinn allavega. Mikilvægt er að lágmarks viðmið mótframlaga og um leið hámarks viðmið styrkframlaga Rannsóknasjóðs verði einföld. Jafnvel er raunhæft að ætla að hægt yrði að nota eitt viðmið fyrir einkaaðila og eitt fyrir ríkisaðila. Að mati undirritaðs væri sanngirni í upphafsskrefi til jafnræðis í þessu máli að mætast nokkurn veginn á miðri leið ef slíkar einfaldar viðmiðanir væru í bili settar á til að draga úr áðurnefndum aðstöðumun ríkis- og einkaaðila í grunnrannsóknnum. Þá er það mat undirritaðs að hámarks styrkframlag Rannsóknasjóðs ætti að vera allt að 80% í tilfellum einkaaðila og allt að 50% í tilfellum ríkisaðila. Samhliða slíkri breytingu væri eðlilegt að skoða

hvort ekki þyrfti til samræmingar að gjaldfella framlög ríkisstofnanna í vissum tilfellum um allt að 50% þegar ríkisstofnanir eru þátttakendur í rannsóknaverkefnum með hvort heldur er einkaaðilum eða ríkisaðilum án þess þó að þiggja styrk. Ef litið er til annarra möguleika við ákvörðun á hámarks styrkhlutfalli til einkaaðilanna en að það ráðist af einni hlutfallstölu þá kemur til greina að stigskipta styrkhlutfallinu að vissu marki með hliðsjón af veltu. Slíkt væri þá væntanlega gert til að styðja við viðgang og vöxt smárra rannsóknafyrirtækja til að auka hagkvæmni grunnrannsóknastarfsemi þeirra. Reyndar hef ég ekki skoðað þessa hugmynd til enda með hliðsjón af mögulegri sanngirni/ósanngirni sem í slíku kerfi gæti falist. Undirritaður setti saman eftirfarandi dæmi til að skoða eina útgáfu af því hvernig slíkt veltutengt hámarkshlutfall rannsóknastyrks með hliðsjón af veltu einkafyrirtækja í milljónum króna gæti litið út: < 10 m. kr = 80%; 10-19,9 m. kr = 75%; ≥20 m.kr = 70%.

Rétt er að fara yfir nokkur dæmi um raunverulegar birtingamyndir þess ójöfnuðar sem úthlutunarviðmið Rannsóknasjóðs og flestra annarra opinberra rannsóknasjóða fela í sér í dag með flötu 50% lágmarksframlagi til allra rannsóknnaaðila hvort sem þeir hafa yfir að ráða almannfé frá ríkinu til að greiða niður sinn rannsóknarkostnað eður ei. Allir vita að ásýnd rannsóknaverkefna ræðst að töluvert miklu leyti af þeim fjármunum og aðstöðu sem mögulegt er að leggja til verkefnanna. Ríkisreknir rannsóknnaaðilar fá árlega umtalsverða fasta fjármuni frá hendi ríkisins til að stunda rannsóknir á sínu sviði og hjá þeim aðilum eru ennfremur yfirleitt mjög góðar vinnuáætlaðar fyrir hendi sem byggðar hafa verið upp í gegnum tíðina fyrir fé ríkisins. Þó svo færa megi fyrir því rök að fjármunir sem renna til rannsókna á vegum ríkisins mættu í mörgum tilfellum og jafnvel öllum vera meiri þá breytir það ekki því að þessa fjármuni hafa þessir aðilar umfram sjálfstætt starfandi aðila. Af þeirri ástæðu eiga ríkisaðilarnir auðveldara um vik í samkeppni sinni um rannsóknafé úr rannsóknasjóðum eins og staðan er í dag, eins og eftirfarandi dæmi sýna.

1. Í fyrsta lagi gera þessar aðstæður það að verkum að ríkisaðilarnir samanborið við sjálfstætt starfandi aðila geta reitt fram meira mótframlag og geta því sótt um hærri rannsóknastyrki og þannig komið veglegri rannsóknaverkefnum á legg en einkaaðilar sem ekki hafa yfir að ráða almannafjármunum til mótframlaga.
2. Í annan stað geta þeir sótt um styrki til fleiri verkefna í senn á sömu forsendum.
3. Í þriðja lagi geta ríkisaðilarnir við vissar aðstæður gert verkefnisumsóknir sínar fýsilegri með því að sækja um tiltölulega lága styrki í krafti þess að auka að sama skapi framlag til verkefnanna af sínum árlegu ríkisfjárveitingum. Lægri styrkkostnaður gerir þau verkefni þannig á sinn hátt fýsilegri kost að styrkja fyrir rannsóknasjóðina en sambærilegt verk einkaaðila sem gæti ekki niðurgreitt rannsóknirnar með ríkisfjármunum.

Allir þessir möguleikar sem ríkisfjármagn og aðstæður fjármagnaðar af ríkinu skapa ríkisaðilunum leiðir til þess að þeir eiga mun meiri möguleika á að fá sín verkefni styrkt en einkaaðilar á sama vettvangi sem njóta ekki þessara sérkjara. Áður hafði ég nefnt til sögunnar hróplega mismunun sem Tækjasjóður Rannís felur í sér og sá þáttur bætist hér gjarnan ofan á enda algengt að ríkisreknir rannsóknnaaðilar sæki samhliða í þann sjóð sé um að ræða rannsóknaverkefni þar sem fjárfrek rannsóknatæki koma við sögu. Á þann hátt er hægt að auka vægi rannsóknatækjanna með 50% framlagi Tækjasjóðs.

Aðrir stjórnvaldspættir er ráða miklu um samkeppnisumhverfi grunnrannsókna

Á sama tíma og mikilvægt er að breyta úthlutunarreglum hjá sjóðum á borð við Tækjasjóð og Rannsóknasjóð á þann veg að þeir taki mið af því að almannafé sé ekki notað til að skekkja samkeppni einkaaðila við ríkisaðila. Þá er sérlega mikilvægt að tryggja að fjármögnun ríkisstofnanna og aðrir rekstrarhættir sem og lagaskilgreiningar sem fjalla um starfsemi þeirra sé ekki að hamla eðlilegri samkeppni frá hendi einkaaðila sem vinna einnig við grunn- og þjónusturannsóknir og tilheyrandi ráðgjöf. Miðað við núverandi aðstæður kallar þetta á miklar úrbætur enda pottar víða mölbrotinir í þessum efnum. Rétt er að nota tækifærið hér til að undirstrika að þó svo að hér sé rætt um samkeppni í öðru hverju orði þá þar almennt verið að vísa til þeirra mála í víðum skilningi. Það er að segja að mönnum gefist sömu tækifærin að mestu til að starfa að grunnrannsóknum sama hvar í sveit þeir eru settir með hliðsjón að ríkis- og einkaaðilum. Mikilvægt er að áréttu þetta, því umræddir ríkis- og einkaaðilar vinna mikið og gott starf í samvinnu. Slík samvinna hefur svo dæmi sé tekið verið fyrirferðarmikil hjá rannsóknafyrirtæki undirritaðs svo sem í samvinnu við Hafró hér heima og Hafrannsóknastofnunina í Bergen

Undanfarin 20 ár hefur undirritaður starfað að rannsóknum á fiskum og vistfræði þeirra. Lengst af þeim tíma starfaði ég hjá Veidimálastofnun (1986-2003) en stofnaði í mars 2003 eigið rannsóknarfyrirtæki, Laxfiska ehf sem ég hef starfað hjá síðan. Á mínum starfstíma hef ég því kynnst starfsumhverfinu frá hlið hvorutveggja ríkisstofnana og einkafyrirtækja. Ekki þarf að fjölyrða að starfsaðstæðurnar hvað fjármögnun og ýmsa rannsóknaraðstöðu varðar, eru ríkisstofnunum svo mjög í hag að það eitt og sér ætti að vera mönnum hvatning að leggja ekki fyrir sig grunnrannsóknir né þjónusturannsóknir sem eru í samkeppni við ríkið. Frá mínum sjónarhóli er slík uppgjöf ekki til umræðu, en á sama tíma verður þó að viðurkennast að það sérkennilega starfsumhverfi sem ég starfa í vekur ekki vonir um bjarta framtíð á þessum starfsvettvangi. Ég hef eytt starfsævi minni í það að framþróa rannsóknir á fiskum og umhverfi þeirra með því að fara nýjar leiðir á því sviði, ekki síst með notkun rafeindafiskmerkja af ýmsum gerðum, meðal annars í samstarfi við Stjörnu-Odda frá því snemma árs 1993. Frumherjarannsóknir undirritaðs á vistfræði lax og silungs einkum í sjó hafa einkum tekið til ítarlegra upplýsinga um far fiskanna gönguhegðun þeirra og ætisvenjur. Rannsóknirnar skiluðu meðal annars fyrstu samfelldu skráningum á veraldarvísu yfir það hvernig væri háttað sjóferðum í heild hjá laxi, sjóbirtingi og sjóbleikju, þ.e.a.s. allt frá fiskarnir gengu úr árósum þar til þeir skiluðu sér aftur heim í ána. Mikið og spennandi starf er framundan í rannsóknum á atferlisvistfræði fiska ekki síst á sjávarfiskum sem og á ferskvatnsfiskum í sjó. Því finnst undirritaðum sem sérfræðingi á því sviði hart að á þeim uppgangstímum þurfi rannsóknarfyrirtæki hans að bera skarðan hlut frá borði hvað varðar möguleika á fjármögnun grunnrannsókna vegna lagabundinnar mismununar hvað varðar fjármögnunartækifæri ríkis- og einkaaðila sem leggja stund á grunnrannsóknir.

Málefnið sem varða opinbera mismunun í rannsóknarlegu tilliti á milli ríkisaðila og einkaaðila hvort sem er innan eða utan Rannís eru að sjálfsögðu tengd og því eru í þessu bréfi sett fram dæmi um hvorutveggja þó svo að helsti hvatinn að skrifunum hafi verið sú mismunun sem felst í starfsemi Tækjasjóðs. Sameiginleg einkenni eru mismunun í rannsóknsumhverfinu á kostnað einkaaðila, ástand sem á engan sýnilegan

tilverurétt og því kallar þetta á úrbætur strax. Af því leiðir að stjórnarmenn Rannís og aðrir aðilar sem gegna lykilhlutverkum í því að móta starfsumhverfi visindamanna þurfa að fá hvatningu til úrbóta frá því fólki sem rekur sjálfstætt starfandi rannsóknafyrirtæki. Í bréfinu tíni ég til eiginleg dæmi úr mínu starfsumhverfi og set einnig fram tilbúin yfirlærð dæmi til að draga enn sterkar fram það misrétti sem viðgengst í því starfsumhverfi grunnrannsókna sem undirritaður starfar í. Hvorutveggja gert til þess að fullvissa mig um að fólkið sem fær bréfið átti sig á því hversu öfugsnúið þetta starfsumhverfi er og óréttlátt í senn. Vissulega lengir það bréfið að tína þessi dæmi inn í bréfið en þrátt fyrir þann ókost þá fannst mér meira unnið með því að hafa það heildstætt að þessu leytnu. Hér skal tekið fram að ég veit að allt það fólk sem fær þetta bréf þekkir þann mun sem fyrirfinnst á ríkisreknum og einkareknum rannsóknaaðilum í víðum skilningi. Á sama tíma tel ég hinsvegar að þrátt fyrir að fólk þekki til þessa mismunar að þá geti fæstir raunverulega sett sig í þau spor sem felast í því að vera sjálfstætt starfandi rannsóknaraðili, hvort heldur rekstrareiningin er einstaklingsútgerð svo sem mörg dæmi eru um eða rannsóknafyrirtæki svo sem fyrirtæki undirritaðs er dæmi um. Því er svo mikilvægt að styðja mál mitt með raunverulegum dæmum.

Bréfinu er ekki eingöngu ætlað að vekja ráðsmenn Vísinda- og tækniráðs til umhugsunar heldur er hreinlega óskað eftir því og reyndar gengið út frá því að menn skynji að nóg sé komið og sýni strax í verki úrbætur í þessum málum. Það fer ekki hjá því að undirritaður hafi fundið hjá ýmsum sem ég hef rætt þessi mál við að þegar málið berst að þessu misrétti að þá sé það útlagt þannig að í sama orðinu sé verið að segja að ríkisaðilarnir hafi það of gott. Reyndar gengur það stundum svo langt að menn telja að málflutningurinn af misréttinu sé eins konar árás á tilvist ríkisaðilanna og jafnvel rannsóknasjóðanna sem við sögu koma. Vissulega er það ekki tilgangurinn enda ljóst að styðja þarf betur við bakið á þessum málaflökki í heild. Það breytir þó ekki því að það hallar ískyggilega á einkaaðila með hliðsjón af því hvernig ýmsum landslögum er háttað og þar með talið því hvernig almannafé er varið til rannsókna. Gera verður þá kröfu að hægt sé að ræða þetta án þess að vera flokkaður sem landráðamaður á þessum vettvangi. Tilgangurinn er enda bara sá að stuðla að því að það komist á eðlilegt jafnræði á þessum starfsvettvangi líkt og innan annarra starfssviða í þjóðfélaginu. Einmitt til þess að hægt sé að kalla það besta fram í rannsóknum hjá hvorutveggja einkaaðilum og ríkisaðilum, þjóðfélaginu til hagsbóta.

Rannsóknsumhverfið er að breytast hérlendis líkt og annarstaðar. Það breytir þó ekki því að ríkisreknir rannsóknaraðilar munu að öllum líkindum á flestum sviðum grunnrannsókna áfram standa fyrir viðamesta rannsóknarekstrinum samanborið við sjálfstætt starfandi rannsóknaraðila. Á starfsviði mínu í vistfræðirannsóknum í ferskvatni og sjó er til dæmis fyrirsjáanlegt að Hafrannsóknastofnunin verður áfram kjölfestan í hafrannsóknunum þótt svo að lagfærð verði samkeppnisstaða sjálfstætt starfandi aðila. Enda ber Hafró höfuð og herðar yfir aðra rannsóknaraðila á þessu sviði bæði hvað varðar fjölbreytni með hliðsjón af sérhæfingu sérfræðinga og með hliðsjón af rannsóknaaðstöðu svo sem skipakosturinn og mikill mannaflí eru gleggstu dæmin um. Með því að rétta hlut einkaaðila myndi engu að síður færast verk frá Hafró til einkaaðila í þeim tilvikum sem þeir aðilar gætu á hagkvæmari máta skilað þeim verkum. Minni ríkisstofnanir á þessu rannsóknasviði svo sem Veðimálastofnun er hinsvegar dæmi um ríkisaðila þar sem hvorutveggja einsleitari rannsóknaaðstaða og sérhæfing starfsfólks gerir það að verkum að rekstur í núverandi mynd mun víkja fyrir mun afmarkaðri og betur skilgreindum rekstri þegar samkeppnisstaða einkaaðila hefur verið færð í eðlilegt horf. Almennt má segja að einkareknir rannsóknaraðilar muni

gegna mikilvægu hlutverki á vissum sviðum grunnrannsóknna þar sem sérhæfing og rekstrarhagkvæmni gerir þeim kleift að stunda slíkar rannsóknir með jafn góðum eða betri árangri en ríkisreknum aðilum og fyrir minni fjármuni en þær rannsóknir myndu kosta ríkisrekna rannsóknnaaðila á umræddu sviði. Í slíkum tilfellum eiga þessir einkareknu grunnrannsóknnaaðilar fullan rétt á sér, enda mun þessi þróun leiða til aukinnar grósku í íslensku rannsóknasamfélagi öllum til hagsbóta. Smá rannsóknafyrirtæki verða mikilvægur hluti þeirra sjálfstætt starfandi rannsóknafyrirtækja sem um ræðir, en líkt og dæmin sanna þá er tilvist stærri slíkra aðila bæði gerleg og sérlega mikilvæg líkt og Íslensk erfðagreining er gott dæmi um.

Samkeppni af hálfu einkaaðila í grunnrannsóknnum hefur verið til staðar um margra ára skeið þó svo að fjöldi slíkra rannsóknaraðila hafi verið mjög takmarkaður. Í ljósi þess að samkeppnin hefur verið til staðar hefði mátt vænta þess að löggjöfin hefði nú þegar verið aðlöguð í einhverjum grundvallaratriðum að þeim aðstæðum. Svo er þó almennt ekki líkt og vísun í samkeppnislög sýnir. Hinsvegar sýna ný tilvik hjá löggjafarvaldinu spor í rétta átt svo sem stofnun Samkeppniseildar innan Verkefnasjóðs sjávarútvegsins er dæmi um. Almennt þá tel ég einsýnt að það hafi unnið gegn rannsóknnaaðilum sem starfa sjálfstætt á sviði grunnrannsóknna hversu fáir þeir eru og auk þess almennt smáir á flestum rannsóknasviðum ef litíð er til mannafla. Minna vægi þessara aðila sem þrýstihóps vegna þessa á þó ekki að breyta því að sjálfstætt starfandi rannsóknaraðilar eiga rétt á því að vinna í starfsumhverfi þar sem gætt er jafnræðis hvað varðar aðgang að rannsóknafé en sú er ekki reyndin í dag, þó svo vissulega sé munur á milli starfsgreina í þessum efnunum. Smá rannsóknafyrirtæki sem leggja stund á grunnrannsóknir eru að ryðja sér til rúms líkt og starfsemi rannsóknafyrirtækis míns á sviði fiskirannsóknna í ferskvatni og sjó er dæmi um. Hér er full þörf á að undirstrika þessa staðreynd því það er ennþá algengt að ríkisstofnanir séu flokkaðar sem einu aðilarnir sem stundi grunnrannsóknir og rannsóknir sjálfstætt starfandi aðila einkum þeirra smærri um leið flokkaðar sem þjónusturannsóknir. Reyndin sem öllum ætti að fara verða ljós er sú að samkeppni einkaaðila um grunnrannsóknir er komin til að vera á öllum sviðum. Nú þarf bara að ganga í það að bæta þá innbyggðu mismunun sem er til staðar í “kerfinu” gagnvart sjálfstætt starfandi rannsóknaraðilum. Þar til úr því hefur verið bætt er ekki hægt að búast við því að það fjölgi í hópi sjálfstætt starfandi rannsóknarfyrirtækja né að þeir aðilar vaxi að burðum hvað starfsmannafjölda og aðrar aðstæður varðar. Stöðnun hvað varðar rekstur einkafyrirtækja í grunnrannsóknnum er engum til gagns og því mikilvægt að lagfæra þann aðstöðumun sem sjálfstætt starfandi aðilar í grunnrannsóknnum hafa mátt búa við.

Í því skyni að koma á lágmarks jafnræði á vettvangi grunnrannsóknna á milli ríkisaðila og einkaaðila þá þarf ekki einungis að huga að lögum og viðmiðunarreglum rannsóknasjóða. Því eins og áður hefur verið tæpt á þá fela lög um starfsemi ríkisaðila gjarnan í sér að skilgreindar starfsskyldur og annað því tengt sem hefur með beinum og óbeinum hætti hamlandi áhrif á störf einkafyrirtækja. Auk þess þarf að setja fram þá eðlilegu kröfu gagnvart ríkisstofnunum sem leggja stund á samkeppnisrekstur á sviði rannsóknna að hægt sé að rekja á ársgrundvelli nákvæmlega í hvað fjármunir ríkisins eru nýttir. Slíkt er enda bara samkvæmt lögum. Að því gefnu ætti mönnum ekki að þurfa að blandast hugur um að fjármunir ríkisins séu misnotaðir í samkeppnisrekstri ríkisaðilanna við einkaaðila líkt og rannsóknafyrirtæki undirritaðs hefur ítrekað fengið að reyna í samkeppni við Veidimálastofnun. Þrátt fyrir nauðsyn þess að hafa jafnræðissjónarmið samkeppnislaganna í heiðri þá skal viðurkennt að hluti af rannsóknarstarfsemi ríkisins er af þeim toga að eðlilegt er að sérákvæði gildi þar um fjármögnunarmöguleika í samkeppni við einkaaðila. Háskólar eru

mikilvægasta uppspretta framþróunar í grunnrannsóknum og því eðlilegt að þeir njóti margvíslegrar sérstöðu líkt og núverandi reglur Rannsóknasjóðs eru dæmi um því sjóðurinn veitir verkefnum þeirra styrki til fjármögnunar á allt að 100% af fjárþörf. Í sumum tilfellum er einnig hægt að rökstyðja að ákveðin mismunun eigi rétt á sér ríkisstofnunum til handa sem eiga í samkeppni að minnsta kosti tímabundið þar til ljóst er að leysa megi þau mál jafnvel með öðrum hætti. Í öllu falli er eðlilegt að misræmi sé á samkeppnisstöðu ef það gæti tryggt öryggis- og heilsufarssmálefni og í vissum málefnum er eðlilegt að byggðasjónarmið geti kallað á einhvers konar mismunun. Að frátöldum einhverjum slíkum undantekningum sem hægt er að rökstyðja með vísun í nauðsyn þá þarf hvað grunnrannsóknir varðar að viti undirritaðs að gera þær kröfur til löggjafarvaldsins að atvinnufrelsi í grunnrannsóknum sé ekki riðlað vegna forsjarhyggju sem þjónar ekki lengur neinum eðlilegum markmiðum. Því ef öryggi þjóðar eða mannlífa er ekki í veði hvaða forsendur eru þá fyrir því að skerða atvinnumöguleika fólks með lögum með því að taka ríkisrekstur fram yfir annan rekstur, s.s. grunnrannsóknir á vissum starfsviðum vistfræðirannsókna eru hvað besta dæmið um. Hvaða gildi samfélagsins ættu að valda því að slík ónauðsynleg mismunun skuli við lýði á 21. öldinni? Ef á annað borð sjálfstætt starfandi vísindamenn geta sinnt grunnrannsóknum með þeim hætti að fjárhagslegt hagræði hljótist af með hliðsjón af faglegum gæðum vinnunar. Þá verður að gera þá kröfu að stjórnvöld sjái til þess að þeirra eigin áskapaða umgjörð þessa rannsóknastarfsumhverfis komi ekki í veg fyrir að slík hagræðing geti átt sér stað.

Er eðlilegra að ríkið taki fram fyrir hendur á líffræðingum í samkeppni en smiðum eða pípulagningamönnum svo dæmi sé tekið? Er von að spurt sé. Með vísun í þann samanburð langar mig að halda aðeins áfram með þessa samlíkingu. Því ljóst er að þrátt fyrir mikið orðagjálfur á hátíðastundum um það að hlúð sé að hérlandum þekkingariðnaði þá eru ákveðnar grundvallarforsendur fyrir eðlilegum starfsaðstæðum ekki til staðar hjá vísindamönnum í einkageiranum á mörgum sviðum grunnrannsókna. Ef jafnt væri á komið á með vísindamönnum og öðrum starfsstéttum þá mætti líkja þessu við það að ríkið stæði fyrir rekstri stofnanna iðnaðarmanna þar sem smiðir, pípulagningarmenn og aðrir slíkir myndu starfa með tilheyrandi ríkisfjárframlögum og sérhæfðri vinnuaðstöðu. Á sumum þessum stofnanna væru þessir menn búnir að sérhæfa sig í verkum sem eðlilegt væri í ljósi samtímans að þjóðfélagið stæði fyrir að framkvæma án þess að einkaöilar hefðu burði til þess. Slíkur rekstur væri öllum skiljanlegur en því til viðbótar væri rekstur sem í samkeppnislegu tilliti væri á eftirfarandi makalausan máta ef miðað er við núverandi aðstæður til grunnrannsókna. Nefnilega með þeim hætti að á þeim sömu iðnaðarmannaríkisstofnunum og enn öðrum væru auk þess sömu og/eða aðrir ríkisreknir iðnaðarmenn að keppa við sjálfstætt starfandi iðnaðarmenn um vinnu við frumherjaverk og ennfremur hefðbundin þjónustuverk. Í þeim tilvikum þá væru ríkisreknu iðnaðarmennirnir að nota ríkisfjármagn og aðstöðu kostaða af ríkinu til þess að komast yfir verkin, með undirboðum og öðrum ráðum. Með því að nota tiltækt ríkisfjármagn og aðstöðu en einnig með því að nota almannaþjálmi sem ekki væri búíð að ánafna þeim með því að fara fram úr á fjárlögum og fá síðan hallareksturinn greiddan til baka með viðbótarfjárveitingum á fjárukalögum. Hvað myndu iðnaðarmenn samtímans segja ef slík staða væri í þeirra atvinnumálum? Svárið er einfaldlega að óréttlát samkeppni af þessum toga væri aldrei liðin af þeirra hálfu.

Hver er þá ástæða þess að slík skerðing á atvinnufrelsi skuli vera að finna á meðal margra stétta vísindamanna sem leggja stund á grunnrannsóknir, s.s. hjá þeim sem leggja stund á vistfræðirannsóknir? Undirritaður telur skýringuna felast fyrst og

fremst í því hve skammt er síðan hérlendar þjóðfélagsaðstæður breyttust og gáfu um leið raunhæft tækifæri til breyttra atvinnuhátta í umhverfi grunnrannsókna. Íslensk tilvera á 21. öldinni kallar hinsvegar á það að áður nefndri forsjarhyggju ríkisins á sviði rannsókna ljúki nema þar sem aðstæður kalla á slíkt með óyggjandi hætti. Ósk um breytt starfsumhverfi að þessu leyti er ekki hrokafull krafa heldur einungis sjálfsögð beiðni um að stagað verði í lög og reglur sem draga taum ríkisaðila og hamla í senn samkeppni af hálfu sjálfstætt starfandi rannsóknaraðila. Sú staðreynd að flestir vísindamenn sem starfa við grunnrannsóknir á þessu sviði vinni hjá ríkinu flýttir sjálfsagt ekki fyrir þessari þróun. Að minnsta kosti er eðlilegt að leiða líkum að því út frá landslagi þessara mála í dag að sá mikli meirihluti íslenskra vísindamanna sem vinnur hjá ríkisreklam rannsóknaraðilum telji með atvinnuöryggi sitt í huga að hag þeirra sé best borgið með áframhaldandi fyrirkomulagi þar sem ríkið hefur undirtökin hvað varðar aðgengi að rannsókarfjármunum. Ef rétt væri þá myndi slík afstaða óbeint hafa áhrif á framþróun starfsumhverfisins enda þótt þáttur stjórnvalda sé ráðandi hvað það varðar að hefta eðlilegt frjálsræði í starfsumhverfi vísindarannsókna hérlendis. Í því sambandi fer vel á því að rífa upp hve mikil bragarbot það var fyrir vísindamenn á tilteknu rannsóknasviði þegar Íslensk erfðagreining hóf starfsemi sína. Enda þótt einkafyrirtæki af þeirri stærð séu ekki á hverju strái þá er ljóst að smærri rannsóknafyrirtækin sem keppa við ríkisaðila um grunnrannsóknir munu hafa sífellt meira vægi ef ríkisklóið linast að eðlilegu marki. Því þessi minni rannsóknafyrirtæki eru nefnilega í eðli sínu líkt og hin stærri til þess fallin að auka eðlilega fjölbreytni og samkeppni og bæta um leið starfsumhverfi vísindamanna.

Í umfjöllun þessari um mismunun hins opinbera með hliðsjón af ríkis- og einkaaðilum sem standa í grunnrannsóknum þá er eðlilegt að gefa raunverulega innsýn inn í þær stjórnvaldsáðgerðir sem skapa starfsumhverfið sem fyrirtæki mitt starfar í. Þar ræður tregðan ríkjum enda þótt munur sé á ráðuneytum sjávarútvegs og landbúnaðar. Rannsóknir á fiski í ferskvatni heyra undir Landbúnaðarráðuneytið sem er orðlagð fyrir afturhald af ýmsum toga og víst er að undirritaður hefur engan vilja fundið á þeim bæ til framþróunar á áður nefndu rannsóknsumhverfi. Hér verður greint frá dæmi um slíkt viljaleysi. Raunhæft tækifæri gafst til breytinga 2005-2006 þegar verið var að uppfæra lög sem tóku til nytja, rannsókna og annarra þátta sem vörðuðu ferskvatnsfiska og vistkerfi þeirra. Eitt lagafrumvarpanna tók til starfsemi Veiðimálastofnunar, sem stunda skal rannsóknir á ferskvatnsfiskum. Þau lögín voru staðfest af Alþingi á liðnu ári, þrátt fyrir áþreifanlega galla sem vörðuðu samkeppnismál gagnvart sjálfstætt starfandi aðilum á sama sviði. Galla sem Landbúnaðarráðuneytinu hafði verið bent á skriflega af undirrituðum þegar unnið var að gerð laganna. Ráðuneytið sá ekki ástæðu til að taka tillit til þeirra rökstuddu sjónarmiða. Síðan var bent á sömu atriði af undirrituðum og fleiri með skriflegum umsögnum til Landbúnaðarnefndar sem fylgt var eftir með fundum með þingmönnum hennar þegar nefndin hafði lögín til meðferðar. Þingmennirnir sáu jú að lögín samrýmdust ekki eðlilegum samkeppnissjónarmiðum en til að teftja ekki málið þá var “lausnin” sú að hafa lögín óbreytt hvað þetta varðaði eins og þau voru tilreidd í frumvarpinu frá Landbúnaðarráðuneytinu en benda síðan á ágallana í nefndarálitum sem fylgdi lagafrumvarpinu s.s. eftirfarandi klásúla úr því álitu sýnir: *“Nefndinni bærust ýmsar athugasemdir um að rannsóknarhlutverk stofnunarinnar færi ekki saman við það að samkeppnisaðilar þyrftu að leita til hennar um leyfi, umsagnir o.fl. Nefndinni bærust einnig þær upplýsingar að fara ætti fram endurskoðun á Veiðimálastofnun og taldi nefndin því ekki tilefni til að gera miklar breytingar á frumvarpinu heldur skyldi áhersla lögð á að endurskoðunin færi fram sem fyrst.”* (sjá vefsíðu Alþingis).

Þetta dæmi er nefnt hér til að undirstrika hve þungur róður það er að breyta því starfsumhverfi sem fyrirtæki undirritaðs starfar í og ég veit að slík er reyndin víðar þar sem einkaaðilar starfa við hlið ríkisaðila í grunnrannsóknum. Þeir sem vilja kynna sér rök undirritaðs í þeirri réttindabaráttu sem vitnað var til geta lesið umsögn mína og aðrar athugasemdir til Landbúnaðarnefndar þingsins á vefsvæði Alþingis. Vefslóðin er <http://www.althingi.is/dba-bin/erindi.pl?ltg=132&mnr=612> Af erindum þeim sem ég skrifaði fyrir hönd rannsóknafyrirtækis míns Laxfiska þá eru þau sem skipta mestu máli að finna í skjölum með eftirfarandi auðkenni á áður nefndri vefsíðu Dbnr. 1677 og Dbnr. 2003 (hægt að virkja í gegnum veraldarvefinn með því að ýta á CTRL takkann og smella samtímis á númer málsins hér í skjalinu).

Hér að ofan var tekið dæmi um ríkisstofnunina Veiðimálastofnun sem má stunda grunnrannsóknir og þjónusturannsóknir skilyrðislaust í samkeppni við einkaaðila á borð við fyrirtæki undirritaðs með tilheyrandi samkeppnishömlum. Þar á bæ eru ríkisfjármunir og aðstaða stofnunarinnar nýtt með þeim hætti sem stjórnendum býður við að horfa hverju sinni til að afla styrkja til rannsókna sem einkaaðilar keppa við stofnunina um. Það að Veiðimálastofnun hefur markaðsráðandi stöðu í rannsóknum hérlendis á fiskum í ferksvatni eykur enn á vægi þessarar mismununar en slík markaðsstaða og vinnubrögð í senn myndi nægja til þess að ef um væri að ræða almennan viðskiptamarkað þá væri fyrirtækið komið snarhendis í rannsókn hjá þar til bærum eftirlitsaðilum. Ofan í kaupíð færir Veiðimálastofnun með lögum einnig aðgang að ákvarðanatökum sem varða rekstur einkarekinna rannsóknaaðila á sínu starfsviði við vissar kringumstæður þegar lög skylda þessa aðila eða samstarfaðila þeirra til að afla sér umsagna, leyfa o.þ.h. samkvæmt lögum frá sinum helsta samkeppnisaðila Veiðimálastofnun. Á meðan Veiðimálastofnun þarf í versta falli að “ræða við sjálfa sig” um samskonar hluti.

Auk þeirrar innbyggðu mismununar sem hér hafa verið tekin dæmi um, þá fá ríkisaðilar gjarnan uppbótarmeðferð hjá ríkissjóði sem felst í viðbótargreiðslum á fjárukalögum vegna slagsíðu í samkeppnisrekstrinum. Magnað dæmi um slík bein inngríp ríkisvaldsins í samkeppni ríkisstofnana og sjálfstætt starfandi aðila var afgreiðsla Fjárlaganefndar Alþingis fyrir skömmu á 60 milljónum til Veiðimálastofnunar í fjárukalögum fyrir 2006. Í fátæklegum skýringum Veiðimálastofnunar til Landbúnaðarnefndar var tilgreint í nokkrum orðum að hallinn væri að mestu nýlega kominn til einkum vegna minnkandi sértekna, þ.e.a.s. frá samkeppnisrekstrinum eins og hann verður hvað gleggstur. Einhver hefði haldið að 2006 þegar óskir um þjónustu samkvæmt skýringum Veiðimálastofnunar voru óvenju litlar og/eða rannsóknasjóðir styrktu þá lítið að þá hefði verið rétti tíminn fyrir þann aðila til að stíga létt til jarðar í rekstrinum. Hallarekstur Veiðimálastofnunar 2006 var hinsvegar meiri en nokkru sinni og vitnaði um aukin umsvif þvert á allar fjárhagslegar forsendur. Því keyrði um þverbak að heyra að Fjárlaganefnd hefði auk þessa látið af hendi rakna 20 milljónir til Veiðimálastofnunar á fjárlögum fyrir 2007 til viðbótar árlegu ríkisframlagi vegna þess að stjórnendur Veiðimálastofnunar höfðu tilfinningu fyrir því að sértekjur stofnunarinnar myndu ekki vera þeim að skapi 2007. Er von að spurt sé hverjir eigi að starfa í samkeppni við ríkisaðila sem njóta slíkrar amlóðþjónustu frá hendi ríkisins. Í ljósi mikils hallareksturs Veiðimálastofnunar fjölmargra undangenginna ára með tilheyrandi Íslandsmetum í hallarekstri ríkisfyrirtækja (halli sem hlutfall af ríkisframlagi) þá voru fyrir margt löngu síðan komin naglföst rök fyrir því að það þyrfti hreinlega ekkert að halda úti þjónustu sem ekki væri sóst eftir og því væri þörf á að breyta rekstri stofnunarinnar. Hinsvegar vitnar áður nefnd líknarstarfsemi ríkisvaldsins um það að ráðamenn telja að eina leiðin

í tilfalli Veidimálastofnunar sé að fjármagna biðina. Biðina löngu þar til einhver gefur sig og kaupir þjónustuna eða styrkir betur þau grunnrannsóknaverkefni sem menn á Veidimálastofnun sinna á samkeppnisviði án þess að líf liggi við eða nokkuð annað sem skýrt getur að slíkum rekstri sé haldið úti þegar fjármunir til verkanna eru ekki tiltækir nægir. Réttlætir nokkuð slíka skammsýni í ríkisrekstri sem veldur því að í senn er farið illa með ríkisfjármagn og starfsgrundvöll einkaðila. Þetta er nefnt hér til að undirstrika það að það virðast óþrjótandi möguleikar nýttir af hálfu ríkisins til að skekkja samkeppnisstöðu sjálfstætt starfandi aðila sem keppa við ríkisaðila á sviði lífríkisrannsókna í ferskvatni og sjó. Aukinheldur geta slíkar aðgerðir ráðamanna varla vitnað um réttlætiskennd. Undirritaður skilaði erindi til Fjárlaganefndar Alþingis út af áðurnefndum beinum inngripum þeirra í samkeppnisumhverfi undirritaðs á meðan fjárlagagerð stóð á liðnu ári þ.m.t. hverjum einasta þingmanni nefndarinnar. Þar var meðal minnst á þá sjálfsgöðu kröfu að Fjárlaganefnd kalla eftir vel útlistuðum skýringum frá hendi Veidimálastofnunar um það hvernig hún gat goldið jafn hræðilegt rekstrarafhroð og raun bar vitni vegna reksturs verkefna á samkeppnisviði. Einhver hefði reyndar talið eðlilegt að slíku yfirliti hefði verið skilað strax í upphafi þegar leitað var eftir viðbótarfjármagni hjá þingmönnum. Því ástæðan, nýspröttinn hallarekstur Veidimálastofnunar nam hvorki meira né minna en ársframlagi ríkisins til stofnunarinnar og því til viðbótar fengu þeir stórmagnaða fyrirframgreiðslu upp á 20 milljónir króna vegna áætlaðs halla í samkeppnisrekstri 2007. Slíkt ítarlegt yfirlit hefði verið eðlileg krafa ekki síst þar sem stjórnendur Veidimálastofnunar sögðu hallann fyrst og fremst stafa af samkeppnisrekstri. Ekki síst vegna þess að þingmenn höfðu verið uppfraeðdir um það skriflega af undirrituðum með rökum að þarna væri pottur brotinn. Reyndin var sú að milljónatugirnir voru greiddir Veidimálastofnun athugasemdalaust en það ásamt nýlegri dæmum sem hátt hafa farið í fréttum getur vart vitnað um annað en metnaðarleysi ráðuneyta og fjárlaganefndar Alþingis hvað það varðar að stuðla að ráðdeild og ábyrgðarfullum rekstri hjá ríkisstofnunum og öðrum sem þiggja framlög úr ríkissjóði. Þetta sýnir að Veidimálastofnun og fleiri ríkisstofnanir eru að haga rekstri sínum eins og um væri að ræða einkafélag án nokkurar fjárhagsábyrgðar hvað þá að í rekstrinum sé tekið tillit til þeirra tekna sem ríkið afmarkar stofnuninni í fjárlögum. Vegna ríkisaðila í samkeppni sem haga sér líkt og Veidimálastofnun, þ.e.a.s. þeirra sem ekki er að vænta að þurfi að standa skila reikninga sinna hérefir sem hingað til. Þá finndist mér við hæfi að bæta einni nýrri skammstöfun við í rekstrarflóru ríkisins sem væri endingin “rán” sem stæði fyrir ríkisstofnun án ábyrgðar. Slík ending gerði venjulegu fólki kleift að aðgreina ríkisstofnanir sem ástunda slíka starfshætti frá þeim sem gera það ekki. Að öllu gamni slepptu þá er staðan þannig í dag að virkt aðhald er ekki til staðar fyrir ríkisstofnanir sem eru í samkeppnisrekstri um grunnrannsóknir og þjónusturannsóknir. Hvorki af hálfu ríkisins eins og ofangreint dæmi vitnar um né af hálfu sjálfstætt starfandi rannsóknnaaðila. Enda hafa einkaaðilarnir ekki sambærilegt aðgengi að rannsóknarfjármunum sem um leið fyrirmunar þeim jafnræði í samkeppni við ríkisaðila um að vinna metnaðarfull fjárfrek rannsóknaverk. Aðstæður sem um leið takmarka vöxt þeirra rannsóknafyrirtækja og faglega framþróun að vissu marki.

Jafnræði til að stunda framsæknar grunnrannsóknir svo sem á vistfræði í vötnum og í sjó er eins og sjá má af ofansögðu aðeins til staðar í orði kveðnu. Á borði er hinsvegar einkarekin rannsóknauitgerð ekki á vetur setjandi í samkeppni við ríkisstofnanir sökum þess hve aðgengi sjálfstætt starfandi aðila að rannsóknafé er takmarkað samanborið við ríkisstofnanirnar sem keppt er við á þessum vettvangi. Er þá ekki einfaldast að halda sig bara við einfalda gamla góða fyrirkomulagið þar sem ríkið sér alfarið um

rannsóknir á þessu sviði? Því verður að svara neitandi enda á það ekki að koma til álita á þessum starfsvettvangi frekar en öðrum að frjálsræði til vinnu sé skert sökum þess að lög og reglur hins opinbera séu ekki í takt við tímann. Nægir í þessu tilliti að vitna til þess að lagaákvæði sem varða starfsumhverfi sjálfstætt starfandi rannsóknaraðila hafa ekki verið uppfærð með hliðsjón af samkeppnislögum og jafnræðisreglunni svo dæmi sé tekið. Af þeim sökum hefur á þessum starfsvettvangi ennþá ekki verið tryggt grundvallarjafnrétti fólks til atvinnustarfsemi svo sem með því að koma í veg fyrir óeðlilega mismunun í samkeppnismálum. Hvað Samkeppnislögin áhrærir þá er sérstaklega við hæfi að rifja hér upp 1. grein þeirra:

Lög þessi hafa það markmið að efla virka samkeppni í viðskiptum og þar með vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins. Markmiði þessu skal náð með því að:

- a. Vinna gegn óhæfilegum hindrunum og takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri.*
- b. Vinna gegn skaðlegri fákeppni og samkeppnishömlum.*
- c. Auðvelda aðgang nýrra samkeppnisaðila að markaðnum.*

Niðurlag

Stjórnvöld hafa á næstliðnum árum aukið við opinbert styrkfé til rannsókna sem eru þakkarverð umskipti. Nýlegar skuldbindingar ríkisvaldsins gagnvart HÍ bera vitni um áður óþekktan stórhug ríkisvaldsins í þessum efnum. Þrátt fyrir bætтар aðstæður að þessu leyti er þó ennþá raunveruleg vöntun á fjármunum til að takast á við rannsóknir sem mest aðkallandi eru hverju sinni. Þetta ásamt hræðilegum jafnræðisvanköntum samkeppnismála í starfsumhverfi grunnrannsókna kemur í veg fyrir að á komist eðlilegt ástand í grunnrannsóknum hérlendis. Miklu skiptir að möguleikar einkarekinna rannsóknaraðila á því að afla sér rannsóknarfjármuna til framsækinnna grunnrannsókna séu bættir hið snarasta þannig að þeir verði sambærilegir við það sem gerist hjá ríkisreknum rannsóknaraðilum. Með auknu jafnræði á þessum vettvangi mun rannsóknaumhverfi hérlendis styrkjast enn frekar meðal annars með viðfeðmara og fjölbreyttara samstarfi ríkisrekinnna og einkarekinna rannsóknaraðila.

Í bréfinu hef ég bent á mismunun sem starfsemi Tækjasjóðs felur í sér og nefnt til sögunnar ýmsa aðra þætti úr mínu starfsumhverfi sem vitna einnig glögggt um það hvernig ýmis lög, reglur og starfshættir löggjafarvaldisins skapa starfsumhverfi sem er sjálfstætt starfandi rannsóknaraðilum mótsnúið í meira lagi. Þó mönnum finnst eflaust búið að tína margt til þá er fjölmargt ósagt. Á öðrum og opnari vettvangi en eitt bréf getur rúmað þarf af þeim sökum að ræða þessi mál. Undirrituðum finnst brýn þörf á slíkri umræðu á breiðum grundvelli við fyrsta hentugleik ef það mætti verða til þess að hægt yrði að bæta starfsumhverfi grunnrannsókna. Meðal annars með bættri löggjöf um sjóði Rannís hvorutveggja með hliðsjón af því hverjir megi sækja um og einnig með hliðsjón af öðrum mögulegum umbótum sem fela jöfnuð í sér. Þetta væri gert í því skyni að auka möguleika einkaframtaks í grunnrannsóknum með því að draga úr þeirri mismunun sem nú er innbyggð í starfsumhverfið þegar litið er til starfsemi ríkisaðila og sjálfstætt starfandi aðila sem leggja stund á grunnrannsóknir. Ennfremur væri eðlilegt að ríkisstofnanir sem stunda samkeppni í grunnrannsóknum, þjónusturannsóknum og ráðgjöf falli á skýrari hátt en nú er undir Samkeppnislög m.a. hvað varðar viðurlög við brotum stjórnenda. Þannig væri m.a. hægt að bregðast við ítrekum brotum á fjárreiðulögum með óafsakanlegum hallarekstri ríkisstofnana vegna samkeppnisreksturs þeirra s.s. rekstur Veiðimálastofnunar frá hendi Sigurðar Guðjónssonar framkvæmdastjóra er nærtækt dæmi um í mínu rannsóknaumhverfi.

Samantekið þá óskar undirritaður eftir því að Vísinda- og tækniráð fjalli um eftirfarandi atriði (1-2), þm.t. álykti um þau. Óskað er eftir því fá skriflega ályktun ráðsins senda.

1.a. Er vilji til þess innan að koma á jafnræði í úthlutunarstarfssemi Tækjasjóðs með hliðsjón af aðgengi sjálfstætt starfandi rannsóknaraðila að styrkjum úr sjóðnum samanborið við ríkisrekna rannsóknaraðila?

1.b. Ef svo er má þá vænta þess að Vísinda- og tækniráðs Íslands beiti sér fyrir því að þær breytingar verði komnar í gagnið 2008 og ef ekki, hvenær þá?

2.a. Er vilji til þess innan Vísinda- og tækniráðs Íslands að skoða hvort setja megi ný viðmið hvað varðar hlutföll styrkframlaga og mótframlaga af styrkjum Rannsóknasjóðs til að rétta hlut einkarekinna rannsóknafyrirtækja gagnvart ríkisreknum rannsóknaaðilum sem eru það lánsamir að geta lagt með sér almannafé úr hirslum ríkisins?

2.b. Ef svo er hvaða möguleika sjá menn þá til þess að draga úr þeirri mismunun og hvenær er breytinga að vænta?

Það er einlæg ósk undirritaðs og reyndar krafa að sú innsýn sem ég hef hér gefið frá mínum sjónarhóli í starfsumhverfi einkarekinna rannsóknafyrirtækja verði ykkur hvatning til þess að bæta snarhendis starfsumhverfi sjálfstætt starfandi rannsóknaraðila sem leggja stund á framsæknar grunnrannsóknir. Það getur Vísinda- og tækniráð Íslands sannarlega gert og ber skylda til að fengnum þeim upplýsingum sem ráðinu hafa verið sendar m.a. í samráði stjórnarsýsluna á viðeigandi stigum og öðru fremur með samvinnu og upplýsingagjöf til löggjafarvaldsins á Alþingi. Öllu skiptir að minnka þá óeðlilegu mismunun sem núverandi lög um rannsóknir og rannsóknasjóði á vegum ríkisins fela í sér gagnvart sjálfstætt starfandi rannsóknaaðilum.

Með fyrirfram þökk



Jóhannes Sturlaugsson

Samhliða fyrri umfjöllun Rannsóknna-/Tækjasjóðs um erindið fengu eftirfarandi afrit og þeir sömu munu fá að fylgjast með gangi umfjöllunar Vísinda- og tækniráðs:

Rannís; Samkeppniseftirlitið; Framkvæmdastjóri Rannís; Sjávarútvegsráðherra Landbúnaðarráðherra; BHM; Viðskiptaráð Íslands; Samtök atvinnulífsins



Tölvupóstfang: johannes@laxfiskar.is

Laxfiskar ehf
Hraðastaðir 1
Pósthólf 280
270 Mosfellsbær
Sími: 864 70 80

Laxfiskar ehf
Jóhannes Starlingsson
Hraðmúliðveg 1
270 Mosfellsbær

MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ


Sélfvöðugötu 4 · 150 Reykjavík
sími: 545 9500 · bréfastími: 562 3068
postur@mra.stjr.is
www.menntamalaraduneyti.is

Reykjavík 18. janúar 2008
Tilv.: MMR08010251/4.50.2

Efni: Tækjasjóður og einkafyrirtæki í rannsóknnum

Fyrir hönd starfsnefnda Vísinda- og tækniráðs er þetta erindi þitt þar sem rakin eru samskipti Laxfiska ehf við opinbera samkeppnisgjöf, skilnað Tækjasjóð sem starfar samkvæmt lögum nr 3/2003 um opinbera stafling við vísindisráðgjafi. Þau stríð samkeppni eru í erindinu benda á að um minnstan er að ræða sjálfstæðar starfsgættar rannsóknir og fleiri, en skilnað er reynt að tryggja samkeppni og þetta árum sem höfn eru frá gjaldgjafi þess um stafling og stafling á vísindisráðgjafi, eru tilfni þess að hafa er í menntamálaráðuneyti, samkeppni og samkeppni á umráðum lögum, athugun á því hvort gera þurfi breytingar á lögum, samkeppni og samkeppni að setja reglugerð (ir) til þess að tryggja að markmið

Fyrir hönd ráðherra


Elín Brundson


Eiríkur Baldursson

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Selfoss, 13. maí 2008

Efni: Umsögn Matvælastofnunar (MAST) vegna frumvarps til laga um flutning á stjórnsýsluverkefnum á sviði lax- og silungsveiði til Fiskistofu. Þskj. 832 – 531. mál.

Vísað er til erindis sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis dags. 23. apríl 2008 þar sem óskað er eftir umsögn Matvælastofnunar (MAST) um Þskj. 832 - 531. mál. MAST gerir eftirfarandi athugasemdir við framkomið frumvarp.

MAST telur að þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu á stjórnsýsluverkefnum á sviði lax- og silungsveiðilaga séu eðlilegar og taki mið af því hver helstu verkefni MAST eigi að vera sem stjórnsýslu- og eftirlitsstofnunar á sviði dýraheilbrigðis, matvælaöryggis og neytendaverndar. Megin þungi í starfsemi MAST tengist matvælum, plöntum, fíðri, áburði sáðvöru og lifandi búfænaði. Þá sinna starfsmenn stofnunarinnar einnig verkefnum vegna dýralæknahjónustu. Matvælastofnunin fellst á að þau verkefni sem verið er að flytja frá stofnuninni eigi meiri samhljóm með verkefnum Fiskistofu og telur að þessi verkefni eigi betur heima þar en hjá Matvælastofnun, eins og lýst er í athugasemdum með frumvarpinu.

Stofnunin telur þó rétt að víkja að 14. gr. frumvarpsins, en þar er lagt til að stofnað verði með lögum sérstakt svið innan Fiskistofu sem skal heita “veiðimálasvið” og skal Fiskistofustjóri ráða sviðsstjóra til að stýra þessu sviði og skal hann skv. frumvarpinu bera starfsheitið “veiðimálastjóri”. Þessu sviði er ætlað að sinna verkefnum er tilheyra stjórnsýslu veiðimála skv. lögum um lax- og silungsveiði, lögum um fiskrækt og öðrum lögum sem varða starfsemi sviðsins. Í greinargerð með ákvæðinu er vísað til þess að fordæmi sé fyrir svipaðri tilhögun og lagt er til í frumvarpinu, þ.e. að í lögum nr. 80/2005 sé mælt fyrir um starfsheitið yfirdýralæknir, sem skuli vera sviðsstjóri yfir einu af fagsviðum MAST.

MAST vill að gefnu þessu tilefni geta þess að lagabálkar þessara stofnana eru með ólíkum hætti og forsendur ekki þær sömu. Eru ákvæði laga um MAST ítarleg varðandi uppbyggingu á innra starfi og einnig varðandi skyldur stofnunarinnar. Þá ber að líta til þess að starfsheitið yfirdýralæknir er að finna víða í löggjöf og hefur yfirdýralæknir veigamiklu hlutverki að gegna s.s. við innflutning lifandi dýra. Þannig er stjórnsýsluvald í ákveðnum tilvikum falið honum, en ekki MAST. Þá ber einnig að líta til þess að starfsheitið yfirdýralæknir (Chief Veterinary Officer) hefur viðtæka skírskotun innan Evrópusambandsins og í alþjóðlegu starfi á sviði dýraheilbrigðis.


MAST telur að það eigi fyrst og fremst að vera í verkahring stofnanna sjálfra að ákveða innra stjórnskipulag þeirra og að það eigi að geta tekið breytingum án þess að fara þurfi með slík mál fyrir Alþingi. Það sama á að gilda um ráðningu sviðsstjóra, en hún ætti að vera í höndum forstöðumanns viðkomandi stofnunar og starfsheiti ætti að ákvarða með svipuðum hætti. Því ætti ekki að festa starfsheitið “veiðimálastjóri” með þessum lögum, þó það starfsheiti kunni að hafa skírskotun til eldri löggjafar, eins og getið er í athugasemdum með frumvarpinu. MAST telur að almennt beri að varast að setja innra starfi stofnana takmarkanir eins og gert er í þessu ákvæði. Eðlilegra er að stofnunin komi með tillögur og ráðherra geti í samræmi við núverandi lög sett reglugerð um skipulag og starfsemi Fiskistofu eða staðfest skipulag hennar með öðrum hætti. Slíkt er í samræmi við þróun opinberrar stjórnsýslu og veitir meiri sveigjanleika til að skipa hlutum í samræmi við þarfir ríkisins og viðskiptavina stofnunarinnar.

MAST er því þeirrar skoðunar að sú leið sem valin er í frumvarpinu, þ.e. að binda skipulagið i lög, komi í veg fyrir nauðsynlegan sveigjanleika í opinberri stjórnsýslu og taki um leið ekki mið af núgildandi stjórnskipulagi Fiskistofu.

Að lokum vill MAST koma með ábendingu vegna þess sem fram kemur í umsögn fjármálaráðuneytisins í fylgiskjali með frumvarpinu og sem gæti varðað flutning fjárheimilda frá MAST til Fiskistofu vegna þessa frumvarpsins. Þar kemur fram að þegar Landbúnaðarstofnun hóf störf árið 2006 og Embætti veiðimálastjóra sameinaðist í henni ásamt annarri starfsemi, hafi 26,6 mkr. verið fluttar á fjárlögum frá Embætti veiðimálastjóra til Landbúnaðarstofnunar. MAST hefur hins vegar lagt fram ítarlega kostnaðargreiningu sem sýnir að raunkostnaður við rekstur þessara verkefna á árinu 2007 er tæpar 21,1 mkr. Sýnir sú niðurstaða þá hagræðingu og hagkvæmni sem hægt er að ná í rekstri þegar stjórnsýslu- og eftirlitsverkefni sem þessi eru sameinuð öðrum verkefnum í stærri stofnun. Þetta er því sá rekstrarkostnaður sem miða skal við þegar kemur að flutningi fjárheimilda milli stofnana ef frumvarpið verður samþykkt frá Alþingi.

Að öðru leyti gerir Matvælastofnun ekki athugasemdir við ákvæði frumvarpsins.

F.h. Matvælastofnunar,



Jón Gíslason, forstjóri.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis
Elín Valdís Þorsteinsdóttir
nefndarritari
Alþingi
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 135/2706
komudagur 14.5.2008

Reykjavík, 09. maí 2008
2008050005/42-1-1
sb/gg

Umsögn um frumvarp um breytingar á ýmsum lögum vegna flutnings stjórnáslu og eftirlitsverkefna á sviði lax- og silungsveiði til Fiskistofu, 531. mál.

Vísað er til bréfs sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis, dags. 23. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um ofangreint mál.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemdir við þetta frumvarp.

Virðingarfyllst

Guðmundur Guðmundsson
Staðgengill forstjóra

Alþingi
Erindi nr. P 135/2756
komudagur 15.5.2008



Umsögn Norðurorku hf. um nokkur frumvörp til laga , mál nr. 530, 531 og 554.

Almennar athugasemdir:

Norðurorka hf. þakkar fyrir að fá frumvörpin til umsagnar.
Norðurorka hf. gerir ekki athugasemdir við frumvörp þessi en fagnar því að í frumvarpi um Fiskiræktarsjóð, 554 mál, skuli eiga að fella niður 0.3% skattheimtu af vergum tekjum af sölu á raforku frá vatnsaflsvirkjunum og tekur undir umsögn Samorku um þetta málefni.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpanna:

Ekki eru gerðar athugasemdir við einstakar greinar frumvarpanna.

Virðingarfyllst
Akureyri 14. maí 2008.
Fh. Norðurorku hf.

Franz Árnason forstjóri

Alþingi
Erindi nr. P 135/2757
komudagur 15.S. 2008



Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis
Elín Valdís Þorsteinsdóttir
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. maí 2008

Efni: Umsögn Orkuveitu Reykjavíkur um frumvörp um fiskeldi, Fiskræktarsjóð og lax- og silungsveiði.

Orkuveitu Reykjavíkur hafa borist 3 erindi sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis, dags. 23. apríl 2008, þar sem óskað er umsagnar um frumvörp til laga um fiskeldi, 530. mál, Fiskræktarsjóð, 554. mál og flutning stjórnsýslu- og eftirlitsverkefna á sviði lax- og silungsveiði o.fl. til Fiskistofu, 531. mál.

Orkuveita Reykjavíkur gerir ekki athugasemdir við framangreind frumvörp.

Virðingarfyllst,



Elín Smáradóttir

SLR – 30.04.2008.

Breytingatillögur vegna frv. til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna flutnings stjórnslu- og eftirlitsverkefna á sviði lax- og silungsveiði, fiskræktar o.fl. til Fiskistofu.

I. Breytingar á lögum nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum.

1) 7. gr. frumvarpsins breytist og orðast svo:

a) 1. mgr. 4. gr. laganna orðast svo:

Framkvæmd stjórnslu og eftirlits samkvæmt lögum þessum skal vera á sérstöku sviði Fiskistofu sem nefnist lax- og silungsveiðisvið. Fiskistofustjóri ræður sviðsstjóra til að stýra því sviði. Skal hann hafa háskólapróf sem nýtist honum í starfi og heyra undir fiskistofustjóra.

b) Í stað orðsins “Matvælastofnunar” í 3. mgr. 4. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögnum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Fiskistofa.

II. Breytingar á lögum nr. 36/1992, um Fiskistofu, með síðari breytingum.

1) Á eftir orðinu “fiskræktar” í 12. gr. frumvarpsins kemur: fiskeldis.

2) Á eftir orðinu “fiskeldis” í 13. gr. frumvarpsins kemur: fiskeldis.

3) a-liður 14. gr. frumvarpsins fellur brott.

4) 15. gr. frumvarpsins fellur brott.

Alþingi
Erindi nr. P 135/2648
komudagur 13.5.2008

SLR – 30.04.2008.

Breytingatillögur vegna frv. til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna flutnings stjórnsýslu- og eftirlitsverkefna á sviði lax- og silungsveiði, fiskræktar o.fl. til Fiskistofu.

I. Breytingar á lögum nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum.

1) 7. gr. frumvarpsins breytist og orðast svo:

a) 1. mgr. 4. gr. laganna orðast svo:

Framkvæmd stjórnsýslu og eftirlits samkvæmt lögum þessum skal vera á sérstöku sviði Fiskistofu sem nefnist lax- og silungsveiðisvið. Fiskistofustjóri ræður sviðsstjóra til að stýra því sviði. Skal hann hafa háskólapróf sem nýttist honum í starfi og heyra undir fiskistofustjóra.

b) Í stað orðsins “Matvælastofnunar” í 3. mgr. 4. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögnum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Fiskistofa.

II. Breytingar á lögum nr. 36/1992, um Fiskistofu, með síðari breytingum.

1) Á eftir orðinu “fiskræktar” í 12. gr. frumvarpsins kemur: fiskeldis.

2) Á eftir orðinu “fiskeldis” í 13. gr. frumvarpsins kemur: fiskeldis.

3) a-liður 14. gr. frumvarpsins fellur brott.

4) 15. gr. frumvarpsins fellur brott.

Alþingi
Erindi nr. P 135/2901
komudagur 21.5.2008



Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

SJÁVARÚTVEGS- OG
LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

Skúlagötu 4 150 Reykjavík
sími: 545 8300 bréfasími: 552 1160
postur@slr.stjr.is www.stjr.is/slr

Reykjavík 20. maí 2008
Tilv.: SLR08030143/3.1

Ráðuneytið vísar til tölvupósts frá sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, dags. 19. maí 2008, en með tölvupóstinum fylgdu afrit af umsögnum sem borist hafa um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna flutnings stjórnslu- og eftirlitsverkefna á sviði lax- og silungsveiði, fiskræktar o.fl. til Fiskistofu sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur lagt fyrir 135. löggjafarþing Alþingis 2007-2008.

Í ráðuneytinu hefur verið farið yfir umsagnirnar og hefur ráðuneytið ákveðið að leggja til að gerðar verði breytingar á frumvarpinu sem fram koma í meðfylgjandi skjali. Vakin er athygli á að þær tillögur ráðuneytisins fela í sér nokkrar breytingar frá þeim tillögum sem ráðuneytið sendi sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd með tölvupósti, dags. 30. apríl 2008.

Einnig vill ráðuneytið koma að eftirfarandi athugasemdum vegna þess sem fram kemur í umsögnum um frumvarpið:

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið leggur mikla áhersla á að stofnað verði sérstakt svið hjá Fiskistofu til að annast framkvæmd þeirra málaflokka sem áformað er að flytja frá Matvælastofnun til Fiskistofu samkvæmt frumvarpinu. Við samningu frumvarpsins var talið rétt að hafa ákvæði um stofnun sérstaks sviðs í lögum nr. 36/1992, um Fiskistofu þar sem kveðið er á um starfsemi stofnunarinnar. Eftir að frumvarpið var lagt fyrir þingið hafa hins vegar komið athugasemdir frá fiskistofustjóra þar sem hann leggst gegn því að slíkt ákvæði verði í framangreindum lögum. Vegna þessara athugasemda fiskistofustjóra hefur ráðuneytið ákveðið að leggja til að ákvæði um að stofnað verði sérstakt svið til að sinna þessum málaflokki verði fært í lög nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði og koma fram ákvæði þess efnis í breytingatillögunum. Einnig vill ráðuneytið áréttta að eins og fram kom í framöguræðu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuherra um frumvarpið var talið við samningu að heitin veiðimálasvið og veiðimálastjóri væru rótgróin starfsheiti og féllu vel að þeim verkefnum sem unnið er að á þessum sviðum. Fiskistofustjóri hefur hins vegar í athugasemdum sínum komið fram með ábendingar um að þessi starfsheiti falli ekki nægilega vel að núverandi starfsskipulagi Fiskistofu. Ráðuneytið fellst á þær athugasemdir og hefur þess vegna í breytingatillögunum lagt til að umræddu heiti sviðsins verði breytt í lax- og silungsveiðisvið og að yfirmaður þess beri heitið starfsheitið sviðsstjóri þess sviðs í stað starfsheitisins veiðimálastjóri.

Ennfremur er í breytingatillögunum lagt til að ákvæði sem nú er í 5. gr. laga nr. 80/2005, um Matvælastofnun og varðar störf veiðieftirlitsmanna samkvæmt lögum nr. 61/2006, verði flutt í síðastgreind lög og verði þar nýtt ákvæði, 4. gr. a.

Önnur ákvæði í breytingatillögunum fela í sér lítilsháttar lagfæringar á ákvæðum laganna,

m.a. þeirra verkefna sem felast í frumvarpi til laga um fiskeldi, sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur einnig lagt fyrir yfirstandandi löggjafarþing Alþingis og gert er ráð fyrir að verði flutt til Fiskistofu.


Vegna þeirra athugasemda sem fram komu í umsögnunum um 3. og 8. gr. frumvarpsins vill ráðuneytið taka eftirfarandi fram :

3. gr. Veiðimálastofnun er í eðli sínu rannsókn- og þróunarstofnun. Þess vegna er brýnt að í lögum stofnunarinnar sé ákvæði er heimili henni að eiga aðild að rannsókn- og þróunarfyrirtækjum til að þróa hugmyndir svo og hagnýta rannsókn- og þróunarvinnu sem unnin er á hverjum tíma hjá stofnuninni. Svipuð ákvæði er að finna í lögum um flestar ef ekki allar rannsókn- og þróunarstofnanir ríkisins, sbr. t.d. í 18. gr. laga nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, að því er varðar Hafrannsóknastofnunina, 2. mgr. 31. gr. laga nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna að því er varðar Landbúnaðarháskóla Íslands en sambærilegt ákvæði var einnig í eldri útgáfu laganna að því er varðar Rannsóknastofnun landbúnaðarins, 5. mgr. 12. gr. laga nr. 40/1999, um Háskólann á Akureyri, 4. mgr. 20. gr. laga nr. 40/2007, um heilbrigðisþjónustu að því er varðar rannsóknastofnanir í heilbrigðisþjónustu, 6. mgr. 13. gr. laga nr. 137/1997, um Kennaraháskóla Íslands, svo og lögum nr. 6. gr. laga nr. 86/2003, um Íslenskar orkurannsóknir. Ef ákvæðið verður að lögum getur stofnunin betur tekið þátt í slíkri þróunarvinnu og notið arðs af þeirri vinnu, komið hugmyndum í verðmætar afurðir. Sem dæmi má nefna að stofnunin hefur komið að þróun og prófunum á ýmsum tækjum sem nýta má til rannsókna. Ýmis rafeindabúnaður svo sem mælimerki og fiskteljarar hafa verið þróaðir þannig, án þess að stofnunin njóti góðs af því með beinum hætti. Með þessu móti skapast einnig sterkari og betri tengsl við atvinnulífið. Allmörg dæmi eru um að sprotafyrirtæki hafi orðið til á þennan hátt og seinna orðið að öflugum fyrirtækjum til heilla fyrir land og þjóð .

8. gr. Veiðimálastofnun hefur safnað og unnið gögn um veiði í ám og vötnum frá upphafi . Í eðli sínu eru þessi gögn líffræðilegar upplýsingar sem nýta má við rannsóknir á þeim veiðistofnum sem í ám og vötnum eru. Með lagagreinininni er verið að koma þessum málum í fastar og skýrar skorður en á það hefur skort hin síðari ár. Í frumvarpinu er Fiskistofa stjórnvaldið en Veiðimálastofnun framkvæmdaaðilinn. Jafnframt er öðrum tryggður aðgangur að þessum gögnum og spillir því í engu samkeppnisstöðu annarra rannsókn- eða ráðgjafaraðila. Veiðiskýrslur eru mikilvægt tæki fyrir stjórnvöld og veiðifélög vegna veiðistjórnunar og fyrir rannsóknaaðila vegna rannsókna- og ráðgjafarstarfa vegna veiða og fiskræktar. Mjög mikilvægt er að söfnun og úrvinnsla veiðigagna spillist ekki þar sem þetta er grundvallartæki fyrir alla sem að veiðimálum koma. Því er mikilvægt að um þetta gildi skýr lagaákvæði .

Þá hefur ráðuneytið farið yfir önnur atriði í umsögnun og er það mat ráðuneytisins að engin atriði sem þar komi fram gefi tilefni til frekari breytinga á frumvarpinu .

Fyrir hönd ráðherra


Ingimar Jóhannsson


Sigríður Norðmann

SLR – 20.05.2008.

Breytingatillögur vegna frv. til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna flutnings stjórnarsýslu- og eftirlitsverkefna á sviði lax- og silungsveiði, fiskræktar o.fl. til Fiskistofu.

I. Breytingar á lögum nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum.

1) 7. gr. frumvarpsins breytist og orðast svo:

a) 1. mgr. 4. gr. laganna orðast svo:

Framkvæmd stjórnarsýslu og eftirlits samkvæmt lögum þessum skal vera á sérstöku sviði Fiskistofu sem nefnist lax- og silungsveiðisvið. Fiskistofustjóri ræður sviðsstjóra til að stýra því sviði. Skal hann hafa háskólapróf sem nýttist honum í starfi og heyra undir fiskistofustjóra.

b) Í stað orðsins “Matvælastofnunar” í 3. mgr. 4. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögnum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Fiskistofa.

2) Við frumvarpið bætist ný grein, sem verður 7. gr. a, svohljóðandi:

Við lögin bætist ný grein, sem verður 4. gr. a, svohljóðandi:

Fiskistofa skipar eftirlitsmenn með veiði samkvæmt lögum um lax- og silungsveiði þar sem þurfa þykir enda æski þess veiðifélag eða veiðiréttarhafar, þar sem veiðifélag hefur ekki verið stofnað, og greiði kostnað af eftirlitinu. Á sama hátt skipar Fiskistofa eftirlitsmann með klaköflun þar sem þurfa þykir og greiðir viðkomandi klakleyfishafi kostnað sem af þessu leiðir.

Fiskistofu er heimilt að skipa eftirlitsmenn með því að bann við laxveiðum í sjó sé virt. Kostnaður við störf þeirra greiðist úr ríkissjóði.

Eftirlitsmenn skulu hafa nákvæmar gætur á því að veiði í umdæmi þeirra sé stunduð með löglegum hætti. Þeir safna skýrslum, m.a. skulu þeir gera skrár um veiðivélar, lagnir og drætti í umdæmum sínum og sjá um merkingu veiðarfæra. Nánari fyrirmæli um starfsemi eftirlitsmanna setur Fiskistofa í erindisbréfi.

Eftirlitsmenn skulu eiga frjálsa för um veiðivatn, meðfram því og um netlög í sjó eftir því sem þörf krefur. Þeir hafa vald til að taka upp ólögleg veiðitæki eða veiðitæki sem notuð eru á óleyfilegum tíma eða óleyfilegum stað.

II. Breytingar á lögum nr. 36/1992, um Fiskistofu, með síðari breytingum.


1) Á eftir orðinu “fiskræktar” í 12. gr. frumvarpsins kemur: fiskeldis.

2) Á eftir orðinu “fiskeldis” í 13. gr. frumvarpsins kemur: fiskeldis.

3) a-liður 14. gr. frumvarpsins fellur brott.

4) 15. gr. frumvarpsins fellur brott.

Alþingi
Erindi nr. **P** 135/2845
komudagur 20.5.2008



VEIÐIMÁLASTOFNUN

Veiðinýting • Lífríki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf

Keldnaholti, 112 Reykjavík, Sími 5806300, Símbref 5806301,

Netfang: veidimalastofnun@veidimal.is, Veffang: www.veidimal.is

Alþingi
Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 19. maí 2008

Frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna flutnings stjórnsýslu- og eftirlitsverkefna á sviði lax- og silungsveiði, fiskræktar o. f. til Fiskistofu. Mál nr. 531.

Veiðimálastofnun hefur verið beðin um umsögn um frumvarp til laga. Talsverðar breytingar voru gerða á Stjórnarráði Íslands og voru ráðuneyti sjávarútvegs og landbúnaðar sameinuð. Þá voru málefni er varða matvæli flutt til Landbúnaðarstofnunar sem fékk nýtt nafn, Matvælastofnun. Á Landbúnaðarstofnun var stjórnsýsla veiðimála og fiskeldis. Það fyrirkomulag er hins vegar ekki heppilegt eftir þær breytingar sem að ofan er lýst. Því eru lagðar til breytingar. Mun betur fer á því að þessi málaflokkur heyri til Fiskistofu enda starfsemi hennar skyldari í eðli sínu. Þá eru í frumvarpinu lagðar til breytingar á nokkrum lögum er tengjast þessari tilfærslu.

Veiðimálastofnun leggur því eindregið að framkomið frumvarp verði samþykkt.

Virðingarfyllt,

Sigurður Guðjónsson, forstjóri